

ÁRAMÓTA BLAÐ

HJÁLPARSVEITAR
SKÁTA Í KÓPAVOGI

33. ÁRGANGUR - 2023



Finna hleðslustöð?

Minnsta mál í appinu

Ef þú ert á rafbíl þá hjálpar N1 appið þér bæði við að finna lausa hleðslustöð hvar á landinu sem er og við að greiða fyrir rafmagnið. Svo einfaldar appið líka ýmislegt fleira fyrir fólk á ferðinni og virkar vel í öllum gerðum snjallsíma.

Náðu þér í N1 appið í hvaða snjallsíma sem er!





**Gleðilega hátíð
Þökkum fyrir viðskiptin
á árinu sem er að líða.**

Starfsfólk Arion



Ritnefnd 2023

Sú breyting varð á ritnefnd þetta árið að Inga Rún Sæmunds-dóttir gaf ekki kost á sér til frekari setu í ritnefnd enda var hún kosin í stjórn Hjálparseitarinnar. Ritnefnd þakkar henni fyrir frábæra og skemmtilega samveru. Tvær öflugar konur komu í hennar stað og það voru þær Eygló Einarisdóttir og Vigdís Bjarnadóttir. Áfram gáfu Agnes Þorkeldsdóttir, Hulda Ösp Atladóttir, Íris Marelsdóttir, Lára Kristín Þorvaldsdóttir og Vala Dröfn Hauksdóttir kost á sér til ritstjórnarstarfa. Karlarnir í HSSK hafa verið tregir til að koma í hópinn en þeir hafa hins vegar verið öflugir við að rita greinar og taka myndir til birtingar.

Ritnefnd þakkar öllum sem komu að útgáfu blaðsins og lögðu hönd á plóginn við efnisöflun, prófarkalestur og uppsetningu. Fjöl-margir gáfu myndir til birtingar.

Í þessu blaði er fjallað um alla þá fjölbreyttu og skemmtilegu starfsemi sem fram fer undir merkjum HSSK. Í sveitinni eru um 500 félagar og um 100 manns eru virkir á hverjum tíma. Eldri félagar HSSK hittast reglulega og mynda sterkt bakland fyrir útkallshópinn og fyrir starfsemi flokka. Börn og fjölskyldur sveitarfélaga hafa myndað sérstakan hóp sem nefnist Hjálparseit krakka í Kópavogi. Þá starfar unglingsdeildin Uglur af miklum myndarskap. Nýliðabjálfun stendur yfir í 18 mánuði og mikil áhersla er lögð á þjálfun og menntun framtíðarþjörgunarsveitarfólks. Allir sem náð hafa 18 ára aldri eða verða átján ára á því ári sem nýliðabjálfun hefst geta óskað eftir inngöngu í nýliðahóp HSSK. Að nýliðabjálfun lokinni er óskað eftir inngöngu í sveitina og eftir samþykki fá félagar formlegan aðgang sem fullgildir félagar og undirrita um leið eiðstaf um þagmælsku og trúnað. Nýir félagar velja sér svo vettvang innan sveitarinnar í samræmi við áhugamál. Margir ganga til liðs við tækjaflokka en aðrir efla sig á sviði fjallamennsku, aðgerðarstjórnunar, í fyrstu hjálp, leitartækni og víðar. Allir í útkallshópi verða að viðhalda þekkingu í fyrstu hjálp, rötun, ferðamennsku og leitartækni. Margir halda ótrauðir áfram og verða sér úti um leiðbeinendaréttindi á ákveðnum sviðum og HSSK hefur ávallt haft marga hæfa og eftirsóknarverða leiðbeinendur innan sinna raða.

Auk þess að fjalla um allt þetta fjölbreytta starf verður sagt frá endurnýjun á búnaði og fjallað sérstaklega um þau fjölmörgu útköll sem sveitarfélagar sinntu á liðnu ári. Þrír félagar sveitarinnar tókust á hendur erfitt ferðalag til Tyrklands til að sinna aðgerðastjórnun



MYND: SIGURDUR Ö SIGURDSSON

á hamfarasvæðum þar í kjölfar jarðskjálfta. Það voru þau Erlendur Birgisson, Sólveig Þorvaldsdóttir verkfræðingar, og Ragna Sif Árnadóttir læknir. Aftur urðu eldsumbrot og jarðskjálftar á Reykjanesi og félagar stóðu fjölmargar vaktir á hamfarasvæðinu, leiðbeindu ferðamönnum um hættur sem steðja að í óbliðri íslenskri náttúru og veittu íbúum í Grindavík aðstoð.

Búið er taka grunn fyrir nýju húsi Hjálparseitarinnar og sveitin mun flytja upp í Tónahvarf. Sagt verður frá þessari miklu framkvæmd og aðdraganda hennar.

Ritnefnd óskar Kópavogsbúum friðsælla áramóta og vonar að blaðið gefi lesendum góða innsýn í allt það fjölbreytta sjálfbodaliða-starf sem innt er af hendi undir merkjum HSSK.

Hátíðarkveðjur,
Ritnefnd áramótablaðs HSSK 2023

Efnisyfirlit

Ágætu Kópavogsbúar	6
Ný björgunarmiðstöð rís í Kópavogi	8-10
Hjálparseit krakka í Kópavogi	14
Sigursælar Uglur	18-19
Nýir félagar 2023	20
Vellystingar í Landmannalaugum	20
Kraftmiklir nýliðar á Helliheiði	22
Hættustig á Austfjörðum	24-25
Útkall til Tyrklands í febrúar	28-30
Gönguskiðaferð yfir Langjökul	32
Óvæntir rekkjunautar í Langadal	32
Baffinbræður á Hellulandi	34-38

Útköll ársins 2023	40-50
Hamagangur í haustlæggð á hálendisvaktinni	52
„Höldum áfram að leika okkur“	54-56
Náttúran rumskar á Reykjanesi	58-60
Margur er knár þó hann sé smár	62-66
Glænýr harðbotna slöngubátur	66
Nýir sleðar til bjargar	68
Verkstæði HSSK	68
Neyðarkall ársins	70
Útbúnaðarlisti fyrir hærri fjöll eða lengri dagsferðir á Íslandi	72
Myndir úr starfinu	74-76
Myndahappdrætti fyrir börnin	79

can-am

ski-doo

LYNX

SEA-DOO



FJÖLBREYTTASTA TÆKJAÚRVAL LANDSINS



ELLINGSEN

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is / brp@ellingsen.is

Ágætu Kópavogsbúar

Þá er komið að lokum að enn einu viðburðaríku starfsári Hjálparveitar skáta í Kópavogi. Sveitin hefur sinnt hlutverki sínu sem hluti af almannavarnakerfi landsins með miklum sóma, sinnt útköllum á sjó og á landi ásamt því að mikil vinna félaga fer í æfingar, skipulag, viðhald á búnaði og tækjum ásamt þjálfun nýrra og eldri félaga sveitarinnar.

Í lok þessa árs hafa félagar sveitarinnar fylgst náið með og tekið þátt í þeim verkefnum sem hafa snúið að þeim jarðhræringum sem hafa átt sér stað í Grindavík. Eftir gos síðustu ára hafa myndast mikil vinabönd á milli félaga í HSSK og Björgunarsveitarinnar Þorbjarnar í Grindavík. Það er erfitt að horfa upp á félaga sína, vini og þeirra nærsamfélag takast á við það erfiða verkefni sem þar er í gangi. Félagar í HSSK hafa svarað kallinu vel, margir hafa



snúið aftur til starfa í sveitinni eftir pásu til að aðstoða við þau fjölmörgu verkefni sem þarf að sinna á svæðinu. Þessi vinna krefst mikils skipulags og við í HSSK erum lánsöm að eiga öflugan bækistöðvarhóp sem hefur stýrt aðkomu HSSK með miklum myndarbrag. Það er alveg ljóst að HSSK mun halda áfram að setja mikinn kraft í að aðstoða Grindvíkinga á meðan þess er þörf.

Nú í sumar kláraðist stór áfangi í sögu HSSK þar sem að skrifað var undir samninga við Kópavogsbæ og verktakann Eignabyggð um byggingu nýs húsnæðis HSSK við Tónahvarf 8 í Kópavogi. Þessir samningar eru niðurstaða vinnu sem hófst árið 2018 til að finna framtíðarhúsnæði fyrir sveitina í ljósi breytts skipulags á lóð sveitarinnar við Kópavogshöfn. Ég vil benda á stórgóða grein Auðar Atladóttur um hús-

næðismál sveitarinnar hér í blaðinu. Sveitin er mjög spennt fyrir nýju húsnæði sem mun styðja enn frekar við öflugt starf sveitarinnar.

Styrkur og stuðningur nærsamfélags okkar er lífæð Hjálparveitarinnar okkar. Því langar mig að hvetja þig lesandi góður, ef þú átt möguleika, að versla flugelda af björgunarsveitum landsins. Flugeldasala er ennþá stærsta fjáröflun björgunarsveitanna og grunnstoð starfsemi þeirra.

Áramótablað Hjálparveitar skáta í Kópavogi er að vanda glæsilegt rit sem gefur innsýn í öflugt starf og menningu HSSK. Til hamingju ritnefnd HSSK með frábæran afrakstur vinnu ykkar.

Kópavogsbúi góður, ég vil þakka fyrir veittan stuðning á árinu sem er að liða og vona að þú njótir þess að fylgjast með starfi sveitarinnar.

*Gleðilegt nýtt ár frá stjórn HSSK,
Valgeir Tómasson
formaður HSSK*



Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af góðum skóm og öllu sem þarf í ævintýrið þitt!



@ggsport.is



@gg_sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10 - 17, Laugardaga 11-15



FALLVARNIR

Ísfell býður fjölbreytt og gott úrval af fallvarnarbúnaði. Fyrirtækið er ávallt með á lager fallvarnarbælti, tengitaugar, karabínur, fallvarnarblakkir og minni fallvarnarkerfi. Í samstarfi við viðskiptavinum og birgja er boðið upp á stærri fallvarnarkerfi, þau sniðin að þörfum hvers og eins. Ísfell býður upp á skoðanir á fallvarnarbúnaði og námskeiðahald varðandi notkun búnaðarins.

Ný björgunarmiðstöð rís í Kópavogi

Það stendur mikið til í Kópavogi. Þegar áramótablaðið kemur út er unnið að uppsteypu nýrrar björgunarmiðstöðvar Hjálparsveitar skáta í Kópavogi, nánar tiltekið að Tónahvarfi 8. Óhætt er að fullyrða að um sé að ræða eina fullkomnustu miðstöð björgunarsveitar á Íslandi. Eignabyggð reisir húsið og áætluð verklok eru á vordögum 2025.

Að baki er um 5 ára undirbúningstími. Þarfir hjálparsveitarinnar varðandi staðsetningu og innra skipulag húss voru greindar þar sem öllum félögum sveitarinnar var boðið að koma sjónarmiðum sínum á framfæri undir styrkri stjórn byggingarnefndar sveitarinnar sem heldur utan um verkefnið. Fyrir um þremur árum kom Kópavogsbær að borðinu og í framhaldinu var stofnaður starfshópur skipaður stjórnendum bæjarins og hjálparsveitarinnar. Hópurinn skilaði af sér samkomulagi sem samþykkt var í bæjarstjórn vorið 2022. Samkomulagið fól í sér samning um kaup bæjarins á núverandi björgunarmiðstöð sem stendur við Bakkabraut 4 og úthlutun lóðar við Tónahvarf 8.

Stórt skref fyrir stórhuga sveit

Hugurinn reikar til ársins 1969 þegar 13 skátar í Kópavogi tóku sig til og stofnuðu hjálparsveit í stækkandi bæjarfélagi. Þeir fengu afdrep í bílskúr við skátaheimili Skátafélagsins Kópa sem þá var að Borgarholtsbraut 7. Fljótlega fékk sveitin hluta hafnarskemmunnar við Kópavogshöfn undir starfseminu. Til að gera langa en farsæla sögu stutta á sveitin nú hafnarskemma alla og viðbyggingar hennar sem bæst hafa við í gegnum tíðina, samtals um 1.450 m².

Það hefur legið fyrir um alllangt skeið að HSSK myndi flytja starfsemi sína. Skipulag hafnarsvæðisins gerir nú ráð fyrir íbúðabyggð við smábátahöfnina. Að auki fer hluti hússins undir Borgarlínu.

Nú er stigið stórt skref þegar sérhönnuð björgunarmiðstöð rís. Staðsetningin býður einnig upp á bættan útkallstíma þegar farið er út úr bænum. Svo er víðsýnt til allra átta.

Sérhönnuð björgunarmiðstöð

Félagar HSSK hafa fengið einstakt tækifæri til að koma að hönnun hússins. Farið var í greiningu á þörfum sveitarinnar, hve stórt hús þyrfti til að styðja og styrkja starfseminu og félagsstarfið.

Simon Joscha Flender hjá Human Company er arkitekt hússins.



Staða framkvæmda í byrjun desember. MYNDINGVAR JÚLIUS BALDURSSON

Hann er jafnframt félagi í sveitinni og hefur því innsýn inn í sveitarstarfið og kom upplýsingum og óskum frá flokkum sveitarinnar inn í hönnun hússins. Við hönnunina var m.a. horft til þess að hafa rúmt og gott rými fyrir tæki og nægt pláss fyrir allan búnað sveitarinnar. Lögð var áhersla á að skapa gott og öruggt flæði fyrir félagi á útkalli á leið sinni að búningsaðstöðu og stjórnstöð, í búnaðargeymslur og út úr húsi á tækjum sveitarinnar.


Húsið er fyrst og fremst björgunarmiðstöð en hentar einnig sem félagsmiðstöð sveitarinnar. Við aðalinngang á 1. hæð er torg, klifurveggur og tröppur upp á 2. hæð. Tröppurnar eru afar breiðar og hannaðar til að setjast niður til spjalla. Flokkar fá sín vinnusvæði þar sem hægt verður að setjast niður, stunda æfingar og viðhalda búnaði.

Leitast er við að skapa hjart og hlýlegt andrúmsloft inni og hugað er að góðri hljóðvist.

Það hefur verið áskorun að skila fullhönnuðu húsi með marga hagsmunaaðila við borðið, þ.e. félagi og flokka sveitarinnar með ólíkar skoðanir og þarfir. Arkitekt hússins hefur skilað ólíkum sjónarmiðum í fallega, skilvirka og hagkvæma hönnun sem félagar sveitarinnar eru afar ánægðir með. →

EKKI KAUPA SCARPA GÖNGUSKÓ

NEMA ÞÚ ÆTLIR ÞÉR AÐ NOTA ÞÁ Í MÖRG ÁR OG HUGSA VEL UM ÞÁ



RIBELLE HD
FRAMTÍÐIN Í GÖNGUSKÓM



Hallarmúli 2 | s: 510 9505 | fjallakofinn.is  

Farðu vel
með
náttúruna
og njóttu
hennar

Húsið er þrjár hæðir. Aðgengi er að 1. hæð hússins frá Tónahvarfi og þannig háttar til að einnig er hægt að aka inn í húsið á 2. hæð baka til.

Í gegnum húsið gengur klifurvegur, um 12 metra hár. Aðgengi er tryggt fyrir alla með algildri hönnun á öllum hæðum og lyftu milli hæða. Samtals er húsið 2.200 m². Útisvæði er rúmt og bílastæðum mun fjölga frá því sem er við núverandi björgunarmiðstöð.



↑ 1. hæð

Á 1. hæð eru sjö innkeyrsluhurðir inn í stóran tækjasal og að auki tvær innkeyrsluhurðir inn á verkstæði. Lofthæð er rifleg, einkum á verkstæði þar sem unnt er að keyra inn vörubíl með snjóbil uppi á palli. Bílalyfta er á verkstæði enda sinna félagar nær öllu viðhaldi tækja sjálfir í sjálfboðavinnu. Opín rými eru fyrir útkallsbúnað. Þau eru í nálægð við tæki sveitarinnar til að stytta viðbragðstíma í útköllum. Góðar geymslur eru á hæðinni, þurrkaðstaða fyrir blautan búnað og fatnað auk þvottaaðstöðu. Rými fyrir buggý bíla og báta er inn af tækjasal. Flokkar sveitarinnar eiga herbergi á hæðinni fyrir búnað sinn og félagsstarf.

→ 2. hæð

2. hæð er nokkurs konar milli-pallur og ekki jafn stór og 1. hæð í fermetrum talið sökum aukinnar lofthæðar á 1. hæð. Á hæðinni eru tvær innkeyrsluhurðir inn í aðstöðu fyrir sleða sveitarinnar og aðrar tvær inn í aðstöðu rústaflokks. Fundarherbergi, skrifstofa og rúmgóðir búningsklefar með sturtuáðstöðu eru á 2. hæð.

Fullbúin stjórnstöð til að stýra aðgerðum verður á hæðinni. Hún er hjarta hússins í því miðju og félagar koma þar við á leið í útkall til að fá upplýsingar og sækja fjarskiptatæki. Úr stjórnstöð verður hægt að horfa niður í stóra tækjasalinn og niður að aðalinngangi á 1. hæð sem og fylgjast með flæði félaga til og frá búningsaðstöðu. Varaafl verður tryggt í stjórnstöð sem og húsinu öllu.

↓ 3. hæð


Víðsýnt er til allra átta af 3. hæð hússins, enda stendur það ofarlega á Vatnsendahæð. Veislusalur fyrir allt að 180 gesti er á hæðinni auk kennslustofu sem rúmar með góðu móti um 25 nemendur. Menntun og fræðsla er stór þáttur í starfi sveitarinnar og spennandi að eiga sérstakt kennslurými í húsinu. Hægt er að opna úr veislusal inn í kennslustofu. Fullkomið þjónustueldhús er við veislusalinn. Ef starfsemi er á 1. og 2. hæð, t.d. útkall, þá virkar 3. hæð sem sjálfstæð eining, þ.e., unnt er að halda viðburð í salnum án þess að það komi niður á starfinu í húsinu.

Bátaflokkur verður í björgunarmiðstöðinni við smábátahöfnina á meðan húsið stendur. Unnið er að varanlegri lausn fyrir bækistöð bátaflokks við höfnina.

Sem fyrr segir er unnið á uppsteypu hússins og áætluð verklok eru á fyrrihluta árs 2025. Erlendur Birgisson hjá Verkfræðistofu Erlendar Birgissonar, og félagi í sveitinni, hefur umsjón með verkefninu fyrir hönd sveitarinnar og hefur eftirlit með framkvæmdinni.

Félagar HSSK biða spennir eftir nýju húsi sem mun án nokkurs vafa verða lyftistöng fyrir starfið sem er þó öflugt fyrir.

Auður Atladóttir



Viltu styrkja HSSK?

Hægt er að styrkja starf HSSK með frjálslu framlagi. Styrktarreikningur okkar er:

BANKI: 322-26-445
KT. 410271-0289

Skrifa þarf í athugasemd með millifærslu "Styrkur 2023" og þá fara upplýsingar um styrkinn í gagnagrunn Skattsins.

Hjálparsevit skáta í Kópavogi (HSSK) er á almannaeigaskrá Ríkisskattstjóra. Styrkir til sveitarinnar eru því frádráttarbærir frá skatti hvort sem um er að ræða einstaklinga eða fyrirtæki.



Klæddu þig vel

Verslaðu á [66north.is](https://www.66north.is)
Fylgdu okkur @66north



Björgunarmiðstöð

Bakkabraut 4

Sölustaðir áramótin

2023-2024



Kraftvélar

Dalvegi 6-8

Opnunartímar sölustaða

28. des. frá kl. 10-22

29. des. frá kl. 10-22

30. des. frá kl. 10-22

31. des. frá kl. 10-16

Salalaug

Versölum

Krónan Vallakór

Vallakór 4



Hjálparsveit krakka í Kópavogi

Hjálparsveit krakka í Kópavogi er félagsskapur barna sem eiga foreldri eða foreldra sem eru félagar í HSSK.

Sveitin var stofnuð árið 2022 og markmið sveitarinnar er að gera eitthvað skemmtilegt og gefandi saman. Á þessu ári bar hæst hjá hjálparsveit krakkanna að taka virkan þátt í skóflustungu að nýju húsi sveitarinnar en þar létu þau ekki sitt eftir liggja.

Fjölskyldudagurinn var einnig mikið ævintýri en þá var farið á bifreiðum sveitarinnar og báti frá bælistöð HSSK í heim sókn í höfuðstöðvar Landhelgisgæslunnar á Reykjavíkurlugvelli. Krakkarnir skoðuðu þylurnar og fengu að fara um borð í flugvél Gæslunnar sem ber heitið TF-SIF.

Á leiðinni var komið við á Ylströndinni í Nauthólsvík og í lok ferðar var öllum boðið í pylsupartý í bílasal HSSK.

Þá er komin hefð á að halda jólaball snemma í desember áður en flugeldasalan gengur í garð. Hjálparsveit krakkanna mun halda ótrauð áfram við að skapa skemmtilegar samverustundir fyrir framtíðarbjörgunarmenn HSSK.

Ragna Sif Árnadóttir

Krakkarnir fengu
að prófa börur.

MYND: RAGNA SIF



Framtíðar
björgunarfólk
að störfum.

MYND: RAGNA SIF



Gleði og gaman
á jólaballi.

MYND: GUDMUNDUR
K EINARSSON





CATALYST 2024
Mountain
Riot



Catalyst er ný hönnun. Lægri þyngdarpunktur, mjórri tankur, léttastur og allur liprari í akstri.

ARCTIC SPORT

Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ
S: 578-0820 - www.arcticsport.is



FRÍÐRIK A.
JÓNSSON ehf.

Bílstöðvar, handstöðvar
og mikið úrval aukahluta

ICOM



Fríðrik A. Jónsson ehf - Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ - S: 552 2111 - www.faj.is


Vígatertur í



**FLUGELDAMARKAÐIR
BJÖRGUNARSVEITANNA**
flugeldar.is

Þú færð vígatertur og fleiri vörur á flugeldamörkuðum björgunarsveitanna

Vígahug



NOTUM ALLTAF
FLUGELDAGLERAUGU
-bæði börn og fullorðnir



SLYSAVARNAFÉLAGID
LANDSBJÖRG



Sigursælar Uglur

Unglingadeildin Ugla er hluti af starfi Hjálparstarfs skáta í Kópavogi. Þar fá unglingar á aldrinum 15-17 ára (10. bekkur til og með öðru ári menntaskóla) að kynna starfi björgunarsveita í gegnum leik og fjör. Deildin hittist eitt kvöld í viku og eru þá kennd ýmis handbrögð sem björgunarsveitir notast við en þar má nefna hnúta, klifur, leitartækni, skyndihjálp og fjarSKIPTI.

Í byrjun árs hentumst við beint á upprifjunarfundi um böruburð og leitartækni sem endaði síðan á hörkuæfingu þar sem einn umsjónarmaður stökk í hlutverk stráks sem faldi sig undir húsbíl. Æfingin var krefjandi en þó mikill lærdómur sem og frábær skemmtun.

Fljótt skelltum við okkur í fyrstu vorferðina og var förinni heitið á Rif á Snæfellsnesi. Þar tók unglingadeildin Dreki á móti okkur og fórum við saman í ratleik um Rif fyrir hádegi laugardags. Eftir hádegismat bættist síðan í fjörið þar sem að restin af deginum fór í leik úti á sjó. Allir tiltækir bátar voru notaðir og skipst á að hoppa af bryggjum og skipum út í sjó og fara í bátaferðir út úr höfninni. Heppnin var með nokkrum krökkum sem sáu hvali í einni ferðinni. Um kvöldið voru allir þreyttir eftir daginn en þó var slegið upp góðri en stuttri kvöldvöku. Heimferðin var síðan nýtt í fræðslu um fallega landið okkar þar sem við fórum lengri leiðina um Snæfellsnesið og stoppuðum á fallegum stöðum. Fjórið hélt síðan áfram þar sem næstu fundir fóru í klifur og svokallað júmm, fjallgöngur, meðferð göngubrodda og sundferð.



Klifur, sig og júmm æft í björgunarmiðstöðinni.

Eftir páskafrí var byrjað af hörku þegar við fórum í boðhlaup, þó ekki þetta venjulega heldur við bryggjuna. Þar áttum við að klæða okkur í þurrgalla, hlaupa út í sjó, synda að bát þar sem einn umsjónarmaður var, gefa honum fimmu, synda til baka og senda næsta af stað.

Við skelltum okkur síðan í heimsókn til slökkviliðsins þar sem við fengum að spreyta okkur á því að draga dúkkur á þyngd við okkur sjálf.

Segja má að einn af hápunktum síðasta starfsárs hafi verið í seinni vorferðinni okkar sem heitið var upp á Sólheimajökul. Gist var í Heimalandi yfir hvítasunnuhelgina. Þegar á jökulinn var komið var farið yfir öryggisatriði á jöklum; hvernig á að bera sig að og hvernig ísaxir eru notaðar. Við fundum síðan gott klifursvæði til þess að spreyta okkur á ísklifri og sigu nokkrir djarfir krakkar niður í djúpa sprungu og klifruðu aftur upp! Seinni daginn skelltum við okkur í dagsferð um nærliggjandi svæði.

Eftir jöklaferðina var síðan komið að undirbúningi Landsmóts sem í þetta skipti var haldið í Grindavík. Þar hittust flestar unglingadeildir landsins og gistu í tjöldum á túninu við íþróttahöllina. Síðan er öllum stokkað upp í þrjátíu manna lið og fara liðin síðan á stöðvar þar sem hvert lið spreytti sig á þrautum tengdum björgunarsveitarstörfum, eins og að síga fram af olíuturni, klifra og tímakeppni í böruburði. Kvöldin fóru síðan í keppni milli unglingaeilda. Þrátt fyrir heldur vont veður í formi rigningar og hvassviðris var mikið fjör og tókst Uglu að hreppa alla bikara (nema einn sem var í reipitogi) sem í boði voru fyrir unglingaeildirnar. Segja má að starfsárið hafi verið tekið með stæl þar sem allir bikarar komu heim í Kópavog.

Sumarfríið var lengi að líða en við fengum þó að fara í heimsókn í Siglunes og skelltum við okkur líka í klifurhúsið saman. Þegar fyrsti fundur haustsins gekk í garð var mikið stuð í unglungum sem og umsjónarmönnum. Það byrjuðu þó nokkrir nýir krakkar



Öflugu unglingar HSSK.
MYNDIR: DAGUR HAFSTEINSSON



Ferð á Sólheimajökul.

sem smullu strax inn í hópinn og eftir fyrstu ferðina okkar var hópurinn orðinn ein stór heild og allir góðir vinir. Fyrsta haustferðin 2023 var haldin í félagsheimili í Borgarfirðinum. Laugardagurinn fór í vettvangsferð um sögulegar slóðir Snorra Sturlusonar og var síðan endað á sundi í Borgarnesi. Um kvöldið var hörkukvöldvaka þar sem nefna má spurningakeppni, boðhlaup og dans.

Ugla var síðan auðvitað á sínum stað að aðstoða fullgilda meðlimi sveitarinnar við sölu neyðarkallsins.

Síðustu fundir hafa síðan farið í undirbúning fyrir miðnæturmótið sem haldið var 10.-11. nóvember síðastliðinn. Á því hittast flestar unglingsdeildir landsins og keppa frá kl. 22 til 04 um nótt í allskonar greinum. Í fyrra unnum við, fyrst unglingsdeilda á höfuðborgarsvæðinu og var mikið pepp fyrir þetta mót þar sem við vorum ekki tilbúin að skilja við bikarinn.

Krakkarnir í Ugla hlakka til vetrarins og mæla eindregið með starfinu! Við hittumst alla miðvikudaga kl. 20 í björgunarmiðstöðinni. Ef þú hefur áhuga á að koma og kynnst starfinu er alltaf hægt að hafa samband við okkur á ugla@hssk.is eða bara mæta!

Við erum einnig virk á Instagram síðunni okkar þar sem við sendum inn myndir og myndbönd af starfinu: [@ud_ugla](https://www.instagram.com/ud_ugla)

Fyrir hönd unglingsdeildarinnar:
Eva Rut Tryggvadóttir



BÍLAMÁL

-bílamálun og réttingar

Bílamálun • Tjónaskoðun • Bílaréttingar • Framrúðuskipti



SJÓVÁ

TM

VÍS

VÖRÐUR

Vinum fyrir
öll tryggingafélög

☎ 534 0016

✉ bilamal@bilamal.is

📍 Skemmuvegur 26, blá gata
200 Kópavogur



Nýir félagar 2023

Tólf nýliðar luku stöðuprófi 2023 með sóma og skrifuðu undir eiðstaf og bættust þar með við faunu fullgildra félaga á síðastliðnum aðalfundi. Að auki skrifuðu Bergvin Snær Nesmann Andrésson og Einar Magnús Björnsson undir eiðstaf sveitarinnar eftir að hafa verið á gestaaðild. Nýliðabjálfarar eru afar stoltir af þessum frækna hópi sem reyndi marga á þessum tveim árum sem nýliðar. Hópurinn var alltaf reiðubúinn til þess að láta verkin tala og

hlutina ganga upp, þrátt fyrir endasprett covid takmarkana, nokkur óhöpp og aðrar ófyrirsjáanlegar hindranir. Við hlökkum til að fylgjast með hópnum í starfi sveitarinnar og erum þakklát fyrir það traust sem okkur var sýnt í gegnum þessi tvö ár, bæði frá hópnum okkar og öðrum félögum sveitarinnar.

Nýliða bjálfarar '21-'23 þakka fyrir sig Auður Atladóttir, María Rúnarsdóttir og Sigurbjörn Eyþórsson

Nýir félagar 2023

- 528 - Arnór Ingi Jónsson
- 529 - Axel Gerðar Stefánsson
- 530 - Erla Sóley Skúladóttir
- 531 - Guðbjörn Ingi Torfason
- 532 - Helgi Hrnannar Briem
- 533 - Ísabella Sól Gunnarsdóttir
- 534 - Kristrún María Gunnarsdóttir
- 535 - Margrét Ír Jónsdóttir
- 536 - Óttar Úlrik Ragnarsson
- 537 - Rebekka Rún Oddgeirsdóttir
- 538 - Steinar Logi Sigurðsson
- 539 - Ævar Kærnested

Félagar af gestaaðild

- 540 - Bergvin Snær Andrésson
- 541 - Einar Magnús Björnsson

Stoltir fullgildir félagar sveitarinnar.
MYND: VILHELM GUNNARSSON

Vellystingar í Landmannalaugum


Þann sólríka og fagra 25. febrúar var haldið upp í Landmannalaugar. Verkefnið var að finna nógu mikinn snjó til þess að byggja snjöhús. Það var ágætis snjór á veginum og fengu þau sem vildu að hanga aftan í bílunum og vera dregin áfram á skíðum.

Sleðaflokkur ákvað líka að skella sér í ferð og voru þau á sveimi í kringum okkur.


Pegar komið var upp í Landmannalaugar héldu nýliðarnir áfram upp í fjöllin í leit að nægum snjó. Kjóraðstæður væru að ná þrjá metra inn og þrjá metra upp í hæð.

Sá staður fannst og þá var byrjað að moka. Þrír til fjórir voru saman í snjöhúsi og var strax óformleg keppni hafin í hver væri fljótastur að moka, sem og hver gerði flottasta snjöhúsið!

Allir stóðu sig eins og hetjur og var hvert snjöhúsið öðru fegurra, sum á nokkrum hæðum jafnvel. Að púli loknu var fagnað með




dýrindis kvöldmat og svo gátu þeir sem vildu endað daginn í heitu lauginni, áður en skriðið var ofan í svefnpokana. Sjaldan hefur verið jafn huggulegt að sofa í snjöhúsi.
Dagur Adam Ólafsson





PANTABU Í APPI EDA Á [DOMINOS.IS](https://www.dominos.is)

BESTA FUGMYND DAGSINS



Kraftmiklir nýliðar á Hellisheiði



Nýliðakynningin var haldin í lok ágúst og var vel sótt að venju. Starfið framundan hjá nýliðunum var kynnt ásamt því að gengið var um björgunarmiðstöðina og fólk fékk að skyggast inn í starf hinna ýmsu flokka. Strax í vikunni á eftir var haldið á Vífilsfell, bæjarfjall Kópavogs, og tæplega 30 nýliðar og fullgildir meðlimir sveitarinnar tóku þátt í göngunni. Veðurspáin leit ekki vel út og því mikilvægt að fólk mætti vel búíð. Spáin gekk heldur betur eftir og fengu nýliðar góða prófraun á búnaðinn sinn og góða innsýn í að ferðast í krefjandi aðstæðum.

Næst á dagskrá var ferðamenskunám-skeið sem nýliðabjálfarar höfðu yfirumsjón með. Þar fengu nýliðar fræðslu um ferðahegðun, búnað og næringu á fjöllum. Áður en haldið var út í mörkina var nauðsynlegt að fara yfir búnaðinn innandyra og æfðu nýliðarnir sig meðal annars í að tjalda göngutjöldum sveitarinnar.

Stefnan var sett á Hengilinn í tjaldferð þar sem gengið var með allt á bakinu. Tuttugu nýliðar ásamt fararstjórum mættu til leiks á laugardagsmorgni, gengið var frá Hellisheiðarvirkjun og upp Sleggjubeinaskarð. Hópurinn reisti tjaldbúðir um leið og komið var inn í Innstadal þar sem mikilli úrkomu var spáð seinnipartinn. Mikilvægt er að finna gott undirlendi fyrir tjaldið því erfitt getur reynt að sofa í halla. Þegar tjöldin voru komin upp hélt hópurinn á Vörðuskeggja. Aftur lék veðrið nýliðanna grátt en með jákvæðnina að vopni komust öll á toppinn. Að lokinni göngu var ennþá ausandi rigning og því ekkert annað í stöðunni en að



Nýliðar á toppnum.

MYND: MARÍA GÚSTAVSDÓTTIR



Náttstaður í Innstadal

MYND: NÍNA ARADÓTTIR

drífa sig inn í tjald, fara í þurr fót og hefja eldamennsku. Mörg voru að prófa þurrmat í fyrsta skipti og voru skiptar skoðanir um ágæti hans. Misvel fór um fólk í tjöldunum

og það sýndi sig hvað gæði á dýnum og svefnpokum skipta miklu máli. Flestum nýliðunum var kalt um nóttina en ekki er hægt að segja það sama um fararstjórana sem var alltof heitt! Þrátt fyrir svefnlitla nótt var ferðin lærdómsrík og komu öll sátt til byggða.

Ferðamenskunámsskeiðið var nauðsynlegur grunnur fyrir komandi vetur hjá nýliðunum, eins og gönguna yfir Fimmvörðuhálsinn sem var næsti liður í þjálfuninni. Nýliðahópurinn samanstendur af fjölbreyttu og drífandi fólki og við nýliðabjálfararnir erum spennt fyrir áframhaldandi starfi með þeim.

Nýliðabjálfarar,

Nína Aradóttir, Bjarki Húnn Svavarsson
og Jóhann Kristín Jóhannesdóttir

Lausnina finnur þú hjá okkur

Við bjóðum snjallar og fjölbreyttar gámalausnir fyrir atvinnulífið - bæði til leigu og sölu.



- Búslóðagámar
- Húseiningar
- Geymslugámar
- Salernishús
- Hitastýrðir gámar
- Einangraðir gámar
- Tankgámar
- og fleiri snjallar lausnir



Hafðu samband og fáðu allar frekari upplýsingar

Hafðu samband á stolpigamar.is eða í síma 568 0100



Hættustig á Austfjörðum

Óblíð náttúra
kallar á seiglu
og æðruleysi

Í lok mars 2023 gerði stórhrið á Austurlandi og víðar og gul veðurviðvörðun var í gildi. Aðfaranótt 27. mars féllu tvö snjóflóð á Neskaupstað, eftir gríðarlega snjókomu og í kjölfarið var lýst yfir neyðarstigi almannavarna á svæðinu og hættustigi á öllum Austfjörðum. Klukkan 10:30 var óskað eftir aðstoð frá HSSK og beðið um vant björgunarsveitarfólk, eldra en 25 ára með fagþekkingu í snjóflóðabjörgun, til að fara austur og takast á við þrjú daga verkefni. Ekki var vitað hvaða verkefni biðu þeirra og ferðin austur var skipulögð í þeim tilgangi að færa bjargir nær hamfarasvæðinu. Kannski beði þeirra ekkert annað en að biða og vera tilbúin til aðstoðar. Fimm gáfu sig fram til að fara og það voru Arnar Ólafsson, Björn Steindór, Gústaf Þór Mátsson, Kamil Kluczynski og Stefán Jökull Jakobsson.

Pennan mánudag voru fjölmörg hús rýmd á Eskifirði og á Neskaupstað og íbúar héldu til í fjöldahjálparstöðvum. Í útköllum sem þessum er gerð krafa um að utanaðkomandi bjargir (björgunarsveitarmenn eru hluti af björgum) séu alveg sjálfbærar. Félagar HSSK flugu til Egilsstaða kl. 13:15 á mánudag og fóru strax í búð til að afla sér vista og gerðu ráðstafanir til að fara í sumarhús í eigu stéttarfélags og leigðu bifreið. Til stóð að bifreið HSSK myndi koma á eftir þeim. En það fer ekki allt sem ætlað er og þegar öllum undirbúningi var lokið voru fjórir félagar HSSK beðnir að bruna á Seyðisfjörð og fara



Bifreið undir snjófargi á Neskaupstað.
MYND: ARNAR ÓLAFSSON

um borð í varðskipið Þór. Stefán Jökull var hinsvegar settur í sérverkefni þar sem hann var aðgerðarstjórinn innan handar sem sérfræðingur í snjóflóðum.

Þór átti að vera íverustaður viðbragðsaðila að sunnan en auk HSSK voru félagar úr Hjálparveit skáta í Garðabæ, Hafnarfirði og Björgunarsveitinni Ársæli einnig kallaðir til að standa vaktina, sem og sjúkraflutningamenn frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðis (SHS) og lögreglumenn frá sérveit ríkislögreglustjóra. Skilaboð til viðbragðsaðila að sunnan voru þau að skipið myndi vera staðsett í höfn á Seyðisfirði. En aftur fer ekki allt eins og ætlað er. Þegar félagar HSSK eru að búa um sig í káetum segir einn þeirra: „Biddu, er skipið farið af stað?“. Já, skipið var farið af stað og næsta spurning vaknaði, „Hvert erum

við að fara?“. Í stað þess að ónáða áhöfnina sem var önnur kafin þá fóru þeir félagar inn á vef RÚV og fundu fljótlega frétt þess efnis að varðskipið Þór væri á leið til Eskifjarðar. Við tók erfið nótt þar sem allir veltust um og fundu vel fyrir sjóveiki.

Ekki var staldrað lengi við á Eskifirði heldur farið á Neskaupstað til að ferja fólk í land. Sérveitarmenn lögreglunnar héldu af stað til að styrkja viðbragð félaga sinna í lögreglunni og sjúkraflutningamenn fóru í það verkefni að leysa af sjúkraflutningamenn svæðisins. Aftur var haldið til Eskifjarðar og félagar HSSK fóru í land til að sinna lokunarpóstum. Einnig fengu þeir það verkefni að fylgja íbúum til sinna heimila þar sem þeir máttu fara inn í örskamma stund til að sækja nauðsynjar. Ekki mátti dvelja lengur en þurfti vegna flóðahættu og allir settu á sig snjóflóðaáyla áður en haldið var af stað.

Á þriðjudagskvöld sigldi Þór aftur á Neskaupstað og að morgni miðvikudags fóru félagar HSSK í það verkefni að sinna lokunarpóstum í bænum. Þar sem þeir standa vaktina sjá þeir tvo unga drengi koma gangandi með skóflur meðferðis. Þeir spurðu um ferðir þeirra og aldur og svarið var: „Við erum 11 ára og á leið til að ömmu og afa moka frá útidyrhurðinni svo þau komist út“. Snjórinn í bænum var gríðarlegur. Félagar HSSK hófu mokstur með þessum ungu dugnaðarförum og þegar verkinu var lokið kom í ljós að undir snjófargi við hlið hússins var bifreið. Næst



Félagar sinntu mokstri og lokunarpóstum á Neskaupstað.
MYND: ARNAR ÓLAFSSON



Varðskipið Þór og björgunarsveitafólk.
MYND: ARNAR ÓLAFSSON

fóru allir í það verkefni að moka upp bifreiðina og eftir það settist einn félagi HSSK undir stýri og ætlaði að koma bifreiðinni upp á veg. Félagar HSSK ætluðu að fylgjast með og aðstoða ef þyrfti. En þá kom hið óvænta. Það heyrðust skruðningar og læti og skyndilega braust fram snjóflóð ofan úr fjalli og allir hlupu frá, nema Gústaf sem sat undir stýri. Þetta var óþægileg lífsreynsla sagði hann en flóðið staðnæmdist og ógnaði ekki byggðinni.

Fimmtudagurinn var rólegur og sátu félagar HSSK í bækistöð björgunarsveitarinnar. Þar

fengu þeir hlýjar móttökur og heimabakstur var á borðum. Þeir urðu vitni að stóru snjóflóði sem féll úr hliðinni fyrir ofan þá. Einum félagi HSSK var verulega brugðið og lét vita af flóði. Heimamenn kipptu sér ekki upp og sögðu óþarfa að gera veður út af smáspýjum í fjallinu. Þessi spýja reyndist þó vera 230 metra breitt flóð sem olli skemmdum á skógræktinni fyrir ofan bæinn. Þessi viðbrögð heimamanna kenna okkur að það þarf seiglu og æðruleysi þegar búið er við óbliða náttúru.

Síðdegis voru félagar HSSK beðnir að hraða sér um borð aftur, því Þór væri á leið á Seyðisfjörð til sjúkralutninga. Þyrlan gat ekki athafnað sig vegna slæmra veðurskilyrða. Félagarnir hlupu þvert í gegn um bæinn klyf-

jaðir bakpokum, skóflum og öðrum búnaði og rétt náðu um borð áður en landfestar voru leystar og skipið var við það að sigla af stað. Aftur gerði sjóveikin vart við sig.

Föstudagurinn fór í sérhæfða bið og félagarnir biðu nú þess að komast heim. Verkefnum þeirra var lokið. Á laugardegi var svo ekið til Egilsstaða og Arnar, Björn Steindór, Gústaf og Kamil komust í flug eftir sex daga úthald. Í upphafi stóð til að ferðin yrði þrjú dagar. Þeir munu ekki hika við að fara aftur í svona ferð en ítreka að ekki megi fara af stað nema hafa allan nauðsynlegan búnað meðferðis til björgunar en þeir voru með samtals um 500 kg af snjóflóðabúnaði meðferðis og gátu t.d. lánað snjóflóðayla. Að auki voru þeir með sinn persónulega búnað og voru sjálfbærir.

Það sem er ómissandi einnig í svona útkalli er: Kurteis, nærgætni, umburðarlyndi og ómæld virðing fyrir verkefnum og fólki. Það er bannað að fara inn á hamfarasvæðisvæði án þess að hafa ótæmandi birgðir af þessum eiginleikum sögðu félagarnir. Að lokum þakka þeir Bækistöð HSSK fyrir allan stuðninginn en órofin tengsl voru á milli Bækistöðv- ar HSSK og þeirra féлага allan þann tíma sem útkallið stóð. Persónulegar nauðsynjar vantaði t.d. á þriðja degi og var þá kallað eftir aðstoð frá Bækistöð HSSK sem fann leið til að koma björgum frá Kópavogi.

Gústaf Þór Másson



Félagar HSSK í hópi viðbragðsaðila.
MYND: ÚR SAFNI LANDSBJARGAR



Allt í einum kassa

Nýir tertukassar

Melkorka, Þórólfur,
Sturla og Bárður



Njáll, Kjartan
og Skallagrímur



Guðrún, Ólöf ríka
og Björgunarskip



Nýir þægilegir tertukassar - fullir af fjörugum kappatertum

XX



ALLT HEFST MED

NESCAFÉ®



Útkall til Tyrklands í febrúar

Ellefu manna hópur fór á vegum Slysavarnafélagsins Landsbjargar og utanríkisráðuneytisins til Tyrklands í kjölfar jarðskálfta þar þann 6. febrúar 2023. Markmið þessa ferðalags var að taka þátt í aðgerðastjórnun erlendra rústabjörgunar-sveita á skaðasvæði. Þrír úr þessum hópi eru úr röðum HSSK.

Um 90 björgunar sveitir víðs vegar um heiminn tóku þátt í aðgerðunum og björguðu um 300 mannlífum. Þetta var stærsta alþjóðaaðgerð sem framkvæmd hefur verið í 30 ára sögu rústabjörgunar.

Verfni íslensku sveitarinnar var að taka þátt í aðgerðastjórnun erlendra sveita á vettvangi. Aðgerðastjórnstöðin er kölluð USAR Coordination Cell (UCC). Allar sveitir þurfa að vera sjálfbærar með matvæli og aðstöðu. Í hópnum var því fólk til að sinna grunnþjónustu hópsins, hvað varðar svefnaðstöðu og eldamennsku. Þá var lækni með í ferðinni

Fundað um stöðuna í Skógarhlíðinni í aðstöðu í aðstöðu Landsbjargar. Ákvörðun var tekin um hvort rétt væri að takast á við þetta verkefni, hvar best væri að koma inn til lendingar auk fleiri mikilvægra ákvarðana.



Stærsta áskorun sveitanna er farartæki þar sem fæstar sveitir taka þau með sér. Reynt var að leigja bíla fyrir hópinn en á endanum var þegin aðstoð frá almannavörnum. Fyrsta farartækið var strætó frá flugvelli. Hópurinn reyndi að hvíla sig. Ekki var vitað hvaða aðstæður biðu hópsins en efst í huga allra var að gera gagn á vettvangi.



Við okkur blöstu hrunin hús, björgunaraðgerðir voru í gangi, flutningabílar á ferð með neyðarbirgðir, vinnutæki á ferð og búðir fyrir heimilislausa.




og einnig verkfræðingur til að uppfylla skilyrði um öryggi sveitarinnar. Hópurinn flaug til borgarinnar Gaziantab í Tyrklandi og ferðaðist landleiðina til Hatay. Eftir fimm daga dvöl í Hatay flaug Sólvéig ásamt hinum þremur aðgerðarstjórnendum með þyrllu til borgarinnar Adiyaman til að sjá um aðgerðastjórnun úr UCC Bandaríkja-anna en hinir sjö úr hópnum flugu til Sviss með Svissnesku sveitinni og þaðan heim til Íslands. Aðgerðarstjórnendurnir komu heim 5 dögum síðar.

Starfsmaður utanríkisráðuneytisins fór með sveitinni til að aðstoða við diplómatisks

mál við að fara inn í landið en UTN var í góðu samstarfi við sendiherra Tyrkja við Ísland en hann er staðsettur í Noregi.

Aðgerðarstjórnandinn

- Aðgerðarstjórnun felst í að skilgreina verkefni fyrir sveitirnar, ákveða hvaða sveitir skulu fara í hvaða verkefni og skipuleggja samhfinguna sem þarf til að halda utan um aðgerðirnar.
- Aðgerðirnar voru mjög umfangsmiklar og unnu Íslendingarnir m.a. að því að skipta svæðinu niður í minni svæði og fá sveitir til að taka að sér samhfinguna á þeim og þá



Vinnuástaða UCC í Hatay



Stjórnandi UCC í Hatay að tala við herinn í fundaraðstöðunni.

Búðir íslenska hópsins eru tjöldin tvö fremst á myndinni, annað er matartjald, hitt er salerni og græna tjaldið er svefntjald. Aðgerðarstjórnin var í hvíta tjaldinu við hliðina á svefntjaldinu, svo ekki var langt að fara.



vann UCC með þeim. Alls voru 10 svæði að störfum þegar mest var. Mikilvægt var að fylgjast með gangi mála varðandi tilfærslur á sveitum og meta hvenær aðgerðirnar færu að taka enda.

- Þá unnu Íslendingar að því að skilgreina leitar- og björgunarsvæði, færa inn upplýsingar inn í sérhæfðan hugbúnað sem notaður er af alþjóðasveitunum, mynda tengsl og stuðla að samvinnu við →

almannavarnir og vinna í nánu samstarfi við Sameinuðu þjóðirnar til að tryggja samhfæfingu við þær.

- Mörg erindi berast frá sveitum og samstarfsaðilum á vettvangi t.d. er varðar að fá frekari bjargir á vettvang og atriði er varða öryggi og framvindu.
- Sólveig hefur tekið þátt í mörgum aðgerðum en hefur aldrei upplifað eins hraða atburðarás eins og í UCC í Hatay.

Íslensku fjórmenningarnir unnu með sveitum frá Hollandi, Sviss, Austurríki og Ungverjalandi í UCC í Hatay auk fulltrúa frá Sameinuðu þjóðunum.

Verkfræðingurinn

- Verkfræðingar sinna öryggismálum með því að meta hrunin hús og eru til ráðgjafar um notkun húsa. Þá er hægt að setja í þeirra hendur alls konar verkefni eins og skoðun á ástandi húsa innan hverfis og almenn skipulagsmál.
- Þeir voru meðal annars beðnir um að fara í verkefni með svissnesku sveitinni til að meta rústir þar sem allir verkfræðingar svissnesku sveitarinnar voru uppteknir.
- Verkfræðingurinn okkar vann einnig að því að skipuleggja stækkun á búðasvæðinu til að koma fleiri erlendum björgunarsveitum fyrir.



Ragna Sif Árnadóttir, læknir sveitarinnar, yfirfer búnað og gerir allt klárt fyrir verkefni dagsins.

Læknirinn

- Tekur með lækisbúnað og hugar að heilsu hópsins. Sinni smá meiðslum hjá hópnum en engin stór óhöpp urðu. Okkar læknir tók þátt í samstarfi við aðra lækna í búðunum og saman gættu þau þess að búðirnar væru aldrei lækislausar.
- Best er ef læknirinn hefur sem minnst að gera í svona aðstæðum þar sem lækisþjónusta í landinu getur bæði verið löskuð og lækurinn ofhlaðinn verkefnum. Eitt af hlutverkum lækis er að kynna sér stöðu lækisþjónustunnar og gera áætlun um hvernig meðhöndla skuli hugsanleg slys innan íslenska hópsins.

Daglegt líf

Daglegt líf og búðalíf einkennist af því að borða, drekka, sofa og sýna hvert öðru virðingu og umhyggju.



Við okkur blöstu hrunin hús, björgunaraðgerðir í gangi, flutningabílar á ferð með neyðarbirgðir og búðir fyrir heimilislausu.

Matartjaldið. Allar erlendar rústasveitir þurfa að koma með allan viðlegubúnað og mat með sér til að vera ekki byrði á heimamönnum. Hópurinn tók með sér frostþurrkaðan mat, vatn og rafstöð. Þá voru kókómjólk og kex mjög vinsæl.



Búðahópur á leiðinni heim eftir fimm daga dvöl.

Skipt liði

Skípt var liði eftir 5 daga. Aðgerðastjórnendurnir fjórir fóru til Adiyaman til að halda áfram að reka UCC þaðan. Ástæðan fyrir flutningnum var að öll löndin sem höfðu verið í UCC í Hatay voru að fara heim og því ekki vinnuaðstaða í Hatay. Íslendingar voru beðnir um að vera áfram, fara í búðirnar til Bandaríkjamanna, sem höfðu vinnuaðstöðu og taka við stjórnun á UCC. Fjórmenningarnir fengu alla aðstöðu í búðunum hjá Bandaríkjamön-

um og því gátu hin sjö sem sáu um búðirnar farið aftur heim til Íslands.

Fortíðin og framtíðin

Íslenskar björgunarsveitir hafa tekið þátt í alþjóðlegu rústabjörgunarstarfi frá 1989 en Íslenska alþjóðabjörgunarsveitin (ÍA) fór í sitt fyrsta útkall 1999, þegar sveitin fór til Tyrklands. Þá var Sólveig einnig stjórnandi og alls fóru fimm aðilar frá HSSK. Tyrklandsferðin 2023 er fimmta útkall sveitarinnar á erlenda grundu.

Langt mál er að rekja sögu ÍA en undanfarin ár hefur áhersla verið lögð á að byggja þekkingu í aðgerðastjórnun rústasveita á alþjóðavettvangi. Íslendingar hafa tekið þátt í að uppfæra kennslubækur og námskeiðsgögn sem kennd eru víða um heim. Þá var haldið alþjóðlegu námskeiði á Selfossi haustið 2022. Margir af þeim sem voru á námskeiðinu voru í útkallinu í Tyrklandi og íslenski hópurinn hitti því marga félagasina. Útkallið til Tyrklands gefur sjálfbóðaliðum kraft til að halda áfram að hlúa að getu Íslendinga til að taka þátt í erlendri rústabjörgun og gera okkur klár fyrir verkefni hér á landi, hvort sem það er af völdum jarðskjálfta eða annarra ástæðna.

Bílamerkingar eru okkar fag



SB SKILTAGERÐ

www.sbskilti.is

Gönguskiðaferð yfir Langjökul


Sex ferðapýrstir björgunarsveitarmenn fóru á gönguskiðum yfir Langjökul helgina 20.-22. apríl 2023.

Ferðin hófst á sumardaginn fyrsta. Bíla-flokkur ferjaði ferðalangana sex, skíði, púlkur og vistir, á tveimur jeppum að Skálpanesi, þar sem gangan hófst.

Upphaflega planið var að ganga langs yfir jökulinn og enda í sumarbaði á Hveravöllum en sökum ótímabærrar hlýnunar var mikill krapi og drulla og hefði verið erfitt fyrir bæði bíla að komast að Hveravöllum og gönguskiðara að vaða djúpan krapann. Var tekin sú ákvörðun að ljúka göngunni þar sem jökullinn endaði og krapinn tæki við, u.þ.b. 10 km suðvestur af Hveravöllum.

Sumarið tók heldur betur vel á móti hópnum og það var sannkölluð bongóblíða þennan fyrsta gönguskiðadag. Þrátt fyrir þungt færi og allt upp í móti, voru gengnir 20 km og tjaldbúðir settar upp undir Fjallakirkju.

Á degi tvö voru gengnir 15 km, mest í þoku, sem sumum sólbrenndum nefjum þótti bara ágætt. Undir kvöldmat braust sólin fram og voru tjaldbúðir settar upp á jöklinum með útsýni yfir Eiríksjökul. Eftir sólsetur snöggkólnaði, fór niður í mínus 15 gráður um nóttina, en þegar ferðalangar vöknudu að morgni þriðja göngudags var enn og aftur komið Tene-veður.



Föruneitið.

MYND: DAGUR ADAM ÓLAFSSON

Ferðalangar

Dagbjört Ásta Jónsdóttir
Dagur Adam Ólafsson
Heiður Þórisdóttir
Simon Joscha
Steph Matti
Þórður Aðalsteinsson

Tækjamenn

Arnar Ólafsson
Arnar Daði Bjarnason
Viktor Einar Vilhelmsson
Sigurbjörn Eypórssón
Kristófer Birkir Baldursson
Óttar Úlrik Ragnarsson
Knútur Kjartansson

Þriðji og síðasti gönguskiðadagur gekk eins og í sögu. Hópurinn var kominn vel í rútínu með rötun, tíma- og pásu plan; gengið í 50 mín og pásað í 10 mín. Nú var leiðin mest niður í móti og færið hart. Hópurinn hafði tilkynnt bílaflokki að hann væri á undan áætlan og lauk göngunni neðst á jöklinum, eftir samtals um 50 km göngu.

Keyrt var í Húsafell þar sem Sæmundur, afi Arnars Daða, bauð upp á heimagerðar kræsingar; súpu, brauð og vöflur. Var sú veisla heldur betur kærkomin. Enn og aftur takk kærlega fyrir okkur.

Hópurinn var sammála um að ferðin hefði varla getað tekist betur. Þrátt fyrir að einn væri á skíðum sem runnu ekki nógu vel og annar á skíðum sem runnu alltof vel, gönguskiðastafur hafi brotnað þegar tjaldað var, nokkrar blóðrur hafi gert vart við sig og fætur orðnir dálítið lúnir, þá var veður, útsýni og félagsskapurinn upp á tíu.

Dagbjört Jónsdóttir

Óvæntir rekkjunautar í Langadal

Dagana 7.- 8. október héldu vaskir nýliðar í göngu yfir Fimmvörðuháls ásamt nýliðum tvö og fullgildum meðlimum sveitarinnar.

Gangan yfir Fimmvörðuháls, milli Skóga og Þórsmörkur, er um 25 km með 1000 metra hækkun, í magnaðri íslenskri náttúru. Klettur, fossar, hraun, gróður og jöklar eru meðal þess sem leynist á leiðinni og vorum við alls ekki svikin af náttúrufegurðinni í þessari ferð.

Þegar bílalestin var komin að upphafsstað göngunnar, Skógarfossi, vorum við fljót að klæða okkur í þykkari fót enda napurt úti þó veðrið hafi verið einstaklega fallett þennan morguninn. Misþungum bakpokum var skellt á bakið, göngustafirnir stilltir í rétta hæð og ferðalangar héldu af stað upp rúmlega 400 tröppur sem liggja upp með fossinum. Fötunum fækkaði þó hratt þegar upp tröppurnar var komið og jafn og þétt fyrstu klukkutímana. Eftir því sem við komumst hærra upp með Skógaá lækkaði hitastigið í takt við þéttari ský og meiri snjófól á jörðinni.

Eftir góðan hádegismat í Baldvinskála var ekki eftir neinu að biða en að halda ferð okkar áfram og tókum við stefnuna á Fimmvörðuskála sem jafnframt er hæsti punktur leiðarinnar. Þaðan lá leiðin niður á við milli jökla og meðfram hrauni. Þórsmörk tók á móti okkur þegar farið var að rökkva og var einstaklega



Veðurblíða í upphafi göngu.
MYND: BJARKI HÚNN SVAVARSSON

gott að komast niður á flatlendið þar sem bílar sveitarinnar biðu þess að ferja okkur yfir Krossá og í Skagfjörðsskála í Langadal. Nokkrir félagar voru þá búin að grilla fyrir okkur lambalæri, kartöflur og meðlæti. Lambalæri sem sjaldan hefur bragðast jafn vel og þarna.

Það var þungt yfir Þórsmörk þegar við vöknudu á sunnudeginum. Til þess að liðka auma vöðva fórum við í hressandi gönguferð í rigningunni upp á Valahnúk og yfir í Húsadal áður en hafist var handa við að ganga frá skálanum fyrir veturinn.

Ævintýrinu var þó ekki lokið þegar heim

var komið því á mánudeginum fóru að berast skilaboð þess efnis að við hefðum ekki verið ein í Skagfjörðsskála. Grunur lék á að veggjalýs hefðu einnig verið á vappi. Frystikistur áettingja og vina voru því fylltar af fatnaði og svefnpokum í von um að drepa kvikindin og þar með hefta útbreiðslu þessara óvelkomnu gesta.

Mögulegar veggjalýs ná þó ekki að skyggja á frábæra og vel heppnaða ferð vaskra meðlima og verðandi meðlima HSSK yfir Fimmvörðuhálsinn. Við má bæta að endurbætur á skálanum eru á dagskrá.

Nína Aradóttir

BÓKAMARKAÐUR FÍ

BÆKUR OG BÓKAPAKKAR - FRÆÐSLURIT OG KORT
ÁRSADILD AÐ FERÐAFÉLAGI ÍSLANDS - FJALLAVERKEFNI OG GJAFABRÉF



ÁRBÆKUR

Bókaflokkur um land og náttúru

GÖNGULEIÐARIT

Leiðir göngumenn á nýjar slóðir

BÆKUR OG
GJAFABRÉF
www.fi.is



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS

Mörkinni 6 - s: 568 2533



Baffinbræður á Hellulandi



Baffinbræður eru:
Jón Haukur Steingrímsson
og Einar Stefánsson,
eldri félagar í HSSK.

Hallgrímur Magnússon
og Tómas Júlíusson,
eldri félagar í HSSR.



Tunglbjartar nætur og
froststilla í upphafi ferðar.

MYNDIR: JÓN HAUKUR STEINGRÍMSSON

Baffneyja, sem er fimmta stærsta eyja heims, tilheyrir Nunavut héraði Kanada, hefur lengi dregið að sér fjallamenn, bæði vegna hinna einkennandi lóðréttu granítveggja og einstaks heimskautilandslags. Eyjan er frekar óaðgengileg og varla er hægt að tala um að ferðaþjónusta eða önnur þjónusta sé til staðar að nokkru marki. Þrátt fyrir að vera um fimm sinnum stærri en Ísland eru íbúarnir aðeins um 13 þúsund að mestu Inúítar og flestir búsettir í höfuðstaðnum Iqaluit syðst á eyjunni. Eyjan er umlukin hafis stærstan hluta ársins og samgöngur eru að mestu með flugi en hægt er að sigla á flesta staði nokkra mánuði á ári. Leiðangurinn hafði verið í undirbúningi frá því fyrir Covid faraldurinn en þá var eyjunni lokað algjörlega. Ferðaáætlunin var í grófum dráttum að byrja nyrst og enda syðst og byggði það á þeirri einföldu hugmyndafræði að nýta það sem við höldum að væri ríkjandi norðanátt eða pólvindur til að ferðast á skíðum og drekum undan vindi til suðurs. Til að það gengi upp þurftum við samt að byrja nógu snemma til að ná til syðsta þorpsins áður en hafisinn færi að brotna frá landinu. Ferðin hófst í Pond Inlet sem er með nyrstu byggðum á Baffin á 72,7° norðlægðar breiddar í lok mars. Venjulega byrjar ísinn syðst að brotna upp í byrjun maí, þannig að glugginn sem við höfðum var um 5 vikur. Vegna þess að við ætluðum að ferðast sem mest á drekunum urðum við að vera frekar sveigjanlegir varðandi leiðarval og mögulega að stytta ferðina eða breyta leiðarvalinu ef svo færi. Á leiðinni færum við um tvö þorp, Clyde River og Qikiqtarjuaq þar sem við gætum útvegað meiri mat og breytt áætluninni eftir þörfum.

Pond Inlet 72,7°

Við vorum komnir til Pond 29. mars í 25–30° frosti en með engan farangur annan en 12 flöskur af rommi, eitthvað smáræði af auka fötum sem höfðu ratað á síðustu stundu í handfarangurinn og enga byssu. Restin af farangrinum sem voru um 270 kg í 12 böggjum, sat sem sagt fastur einhvers staðar á leiðinni. Rommið komst óáreitt í gegn þrátt fyrir strangt áfengisbann á allri eyjunni en ísbjarnabyssurnar duttu út strax í Keflavík vegna „ófullnægjandi pökkunar“.

Það var því lítið að gera annað en að fara í matarinnkaup og aðrar útréttingar meðan við biðum fréttu af farangrinum. Við settum upp matarplan fyrir 21 dag til Clyde og höfðum tekið með þurrmat að heiman fyrir kvöldmat, restina þurfti að útvega á staðnum. Matarbirgðirnar voru á endanum um 80 kg, þar við bættust fjögur gallon af bensíni og svo rommið. Mjög lítil úrkoma er svona norðarlega og því var snjóþekjan þunn og alls ekki víst að við kæmumst um með góðu móti á skíðunum ef við færum landleiðina til suðurs. Í undirbúningnum höfðum við verið með alls kyns háleitar hugmyndir um að þræða okkur eftir dölum og fjörðum og kíkja á þessa rosalegu klettaveginn sem eru víða. Eftir að hafa ráðfært okkur við heimamenn varð það ljóst að eina raunhæfa leiðin á skíðum og drekum væri að fara eftir hafisnum til Clyde river sem var næsti áfangastaður í rúmlega 500 km fjarlægð. Eftir tvo daga í Pond ultu böggjarnir okkar út á malarflugbrautina, nokkurn vegin í heilu lagi fyrir utan að búið var að fjarlægja allar pumpuflöskurnar fyrir prímusana úr farangrinum. Eftir að hafa skrúfað saman sleðana og komið búnaðinum nokkurn veginn saman og með einhverjum óskiljanlegum hætti náð að galdra fram prímusflöskur og afsagaða haglabyssu var loksins skriðið af stað út úr bænum og út á hafisinn. Þar tók veruleikinn við með gríðarlegum kulda þar sem allt fraus sem mögulega gat frosið, þar á meðal teygjurnar í tjaldsúlunum sem sífellt þurfti að stytta í jafnóðum og teygjurnar í þeim gáfu eftir.

Út á hafisinn

Fyrsta morguninn var hægur andvari til suðurs og vorum við nú heldur betur kátir með svo góða byrjun. Upp fóru 11 m² drekarnir en auk þeirra vorum við með 5 m² og svo 18 m² dreka. Ekki dugði það nú →

Loksins á
vængjum
vindanna, eftir
lognið eilífa.



lengi og fljótlega var komið á dauðalogn sem við áttum eftir að kynnst nánar. Næsta dag náðum við að rembast áfram um 40 km á drekunum. Yfirferðin á drekunum var miklu minni en hér heima aðallega vegna íshryggja sem ekki var nokkur leið að átta sig á hvort væru einangraðir þrýstihryggir eða hlutar af stórum uppbrotnum ísbreiðum. Þá tók við lognið endalæsa sem var eiginlega eins og það væri ekkert veður. Frostið var yfirleitt vel yfir 30–35°C á nóttinni en milli 25–30°C á daginn. Ef það hefði ekki verið fyrir stórkostleg fjöllin og eyjarnar þá var þetta hin eina sanna eilífa útleig á veðurlausri flatneskju. Þrátt fyrir að vera í drekaferð þorðum við ekki annað en að plampa áfram á skiðunum þó að yfirferðin væri alveg skelfilega lítil til að byrja með. Það tók ekki langan tíma að koma helstu morgun og kvöldverkum í rútínu. Eftir um þrjú daga á labbinu var ferðin farin að minna óþyrmilega á byrjunina á Grænlandsferðinni fyrir nokkrum árum og þusið um helvítis gönguskiðaferðina farið að dúkka upp. Samskiptin við sérfræðingana í HM stofunni heima voru mis uppbyggileg en ævinlega á þá leið að við þyrftum að fara lengra út í Davíðssundið í átt til Grænlands til að ná að hirða þann litla vind sem andaði af norðurpólnum og þarna niður eftir. En svo var það blessaður ísinn, ísröndin var jú þarna utan við og við höfðum reynt að slíta út úr heimamönnum helstu staði þar sem ísinn brotnaði í þrýstihryggi eða margra kílómetra breiðar íshrannir sem við vildum eðlilega forðast. Nú sáum við ísbjarnarspor á nokkur hundruð metra fresti og þá hlaut ísröndin að vera þarna fyrir utan.

Fljótlega fórum við að verða varir við að ísklumpar voru farnir að safnast fyrir í svefnpokunum. Heiður himinn og heimskautasólin dugði ekki til að þurrka pokana í þessum mikla kulda. Eftir því sem einangrunin minnkaði, bættist við náttfötin og á endanum vorum við farnir að sofa meira og minna í dúngallanum ofan í pokunum, sem voru auk þess fullir af gps tækjum, batteríum, pissuflöskum og því helsta sem þurfti að halda þiðnu. Alla daga var rýnt í til himins og reynt að túlka þær fáu skýjaslæður sem sáust á himni; á morgun hlýtur að verða vindur.

Loksins vindur

Á fjórða lognedeigi náðust stóru drekarnir loksins á loft í örfáa kílómetra og daginn eftir náðum við loksins löngum degi á drekunum úti fyrir Buchanan flóa þar til vindinn þraut lengst út á sjó á rennisléttum ís með smá hrímlagi. Morguninn eftir var kaffið heldur fúlt á bragðið en eftir að

Kakó og romm gerir manni
svo gott, þá læknað allt nema
veðurspáin í símanum.



hafa brætt samviskusamlega snjóhrím á alla brúsa rann það upp fyrir okkur að hrímið var brimsalt. Að sjálfsögðu tók þá við enn einn labb- idagurinn, að þessu sinni með mjög afgerandi stefnu í átt að næsta borg- arísjaka sem þó virtist aldrei færast neitt nær. Löngu síðar lærðum við það góða húsráð að tveggja ára ísinn sé venjulega nokkuð laus við saltið, þannig að ekki þarf endilega að finna borgarísjaka til að fá gott vatn.

Upp úr þessu fóru drekarnir að komast oftar á loft en engu að síður urðum við að kljást við þrýstihryggina og uppbrotnu ísbreiðurnar. Þá var ekki bara að finna staði til að koma drekunum á loft heldur varð einnig að finna passlega landingarstaði þar sem hægt var að fella dreka- ana án þess að allt færi bókstaflega í flækju. Flesta daga voru einhverjar krambúleringar á búnaðinum sem yfirleitt náðist að leysa úr jafnóð- um. Eftir 12 daga út á hafisnum stigum við fyrst á land eftir nokkurra kílómetra barning í gegnum íshryggi norðan við Scotts Inlet og náðum að sigla á landi í smá stund en enduðum aftur út á flóanum fyrir utan Scotts eyju með sínu 600 m háa yfirhangandi stefni. Yfir hafragraut- um um morguninn urðum við varir við eitthvað dýr út á ísnum rétt hjá, þar birtist allt í einu síðhærður kópur upp um öndunarholu í ísnum. Það var heppilegt fyrir hann að velja þennan stað þar sem fjórar dún- úlpur tóku á móti honum en ekki ísbjarnarhrammar. →



GLEÐILEGA HÁTÍÐ OG FARSÆLT, KOMANDI ÁR

Takk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN



Thor, hæsti löðrétti eða yfirhangandi veggur í heimi.

Til Clyde

Aftur datt á með dúnalogni, í þetta sinn á rennisléttum og finum ís. Skiðin enduðu þá á sleðunum enda flatlendislabb á feitum skiðum heldur stíður ferðamáti og ýmis nuddeymsli farin að verða til vand-ræða. Síðar fengu stóru skórnir líka far á sleðanum og strigaskórnir dregnir fram í staðinn. Sem var eiginlega hálsúrrealísk upplifun, að þramma þarna um hafisinn á hlaupaskóm í 25°C frosti. Reyndar var lífsins gæðum eilítið misskipt við þessa snilldaruppögtvun því sumir voru svo óheppnir að hafa ferðast norður eftir í þynnstu og væntan-lega léttustu strigaskónum sem til voru á heimilinu, allt í nafni léttrar ferðamennsku. Þessi lognkafli var sem betur fer styttri og í raun ekki nema einn dagur sem drekarnir fóru ekkert á loft. Þegar við fórum að nálgast Clyde fór vindurinn að aukast og næst síðasta daginn á ísnum byrjuðum við á 18 m² drekunum en enduðum á 5 m² í ferlegum þrýsti-hryggjum nokkra kílómetra frá landi. Síðasti dagurinn til Clyde byrjaði á hefðbundnu tosi í gegnum íshryggina þar til fimmurnar komust á loft, stuttu síðar voru við komnir á land og á fleygiferð inn til Clyde.

Ekki var nú allt búið þó við værum komnir til Clyde. Með mjúkan sófa á sjóndeildarhringnum sáu raunar Einar og Tommi ástæðu til þess að fara bókstaflega inn í bæinn og fella drekana á aðalgötunni. Í landi sífrerans eru lagnir og þar með talið raflinur ofanjarðar en sem betur fer eru þær flestar einangraðar og ekki leiða snúrurnar í drekana mikið þannig að það slapp til. Eftir að hafa þrammað bæinn á enda fannst hótelið harðlæst á sunnudagseftirmiðdegi. Þá tók við svartnætti í nokkra tíma þangað til hótélstýran með lykklavöldin fannst, þar var reyndar lítið af lausu plássu en fyrir náð og miskunn fengum við inni í næsta húsi með nokkrum iðnaðarmönnum frá Winnipeg. Enginn var bjórinn sem fyrr en rúm og sófi var nú alveg ásætlanleg niðurstaða.

Nú þurftum við að fara yfir ferðaplönnin og ákveða næstu skref. Við vorum búnir með lengsta hlutann á hafisnum. Þótt okkur hefði þótt yfirferðin rýr um þá fréttum við síðar að við vorum vel yfir meðallagi miðað við aðrar flugdreka ferðir á Baffin. Eftir einn dag í áti, viðgerð-um, þurrkun og þvotti var ennþá vindur og útlit fyrir vind næstu tvo

daga. Eftir það var dauðalogn í spánni eða suðlæggar áttir. Fréttir sem við fengum af Home bay sem er suður af Clyde voru ekki góðar, þar voru stórar ísspangir að losna frá landi. Miðað við tímann sem það tók okkur að komast frá Pond til Clyde var ekkert sérstaklega líklegt að við næðum bæði að komast áfram frá Clyde til Qik sem var næsti áfangastaður og í framhaldinu í Akshayuk skarðið yfir til Pangnirtung. Við vorum alveg sammála, því vildum við ekki missa af. Þegar svo kom í ljós að það var hægt að fá flug frá Clyde til Qik á miðvikudeginum þá var það eiginlega sjálfvalið að taka skarðið og sleppa frekara hafis-brólti í óhagstæðum vindi og óvissum ísaðstæðum. Í sjálfu sér hefði tímaramminn leyft nánast að labba þarna á milli en Aksayuk skarðið vildum við sjá, um það var enginn vafi.

Qikiqtarjuaq

Komnir til Qikiqtarjuaq fundum við að veðrið var orðið mildara og á leiðinni úr kaupfélaginu stígum við í fyrstu krapapollana. Seint á vor-inu getur verið erfitt að fara á skiðum og með sleða þar sem snjórin er mjög lítill. Leiðin fylgir jökulám sem renna til beggja átta frá hápunkt-inum. Árnar bólgnu upp og ísinn þekur mikið flæmi á dalbotninum, í staðin fyrir hafisinn komu því frostrar jökulár. Í kaupfélaginu fundust þessir finu esjubroddar sem var smellt undir strigaskónna og þunn-skóamennirnir gátu keypt bomsur fyrir labbið. Nú þurftum við að fara aðeins dýpra í matreiðslubókina og finna út úr kvöldmatarmálum á móti restinni af þurrmatnum. Á endanum tókum við mat fyrir 13 daga og fengum outfitterinn á staðnum til að draga okkur inn í fjarðarbotn-inn þar sem Auuyittuq þjóðgarðurinn byrjar.

Akshayuk skarðið

Frá fjarðarbotninum í North Pang fylgdu við Owl river upp dalinn. Labbið var í bland á Esjubroddunum og á skiðunum til skiptis. Við höfðum létt aðeins á búnaðinum í Qik ef það færi þannig að við þyrft-um að bera sleðana eða fara mikið um snjó- eða íslost land. Stóru drekarnir, annað tjaldið og alls kyns aukadót var skilið eftir, samtals um 60 kg í þremur böggjum. Þá sáu við ekki aftur fyrr en í byrjun júlí og mælum í framhaldinu ekkert sérstaklega með að treysta á þjón-ustuvild flugfélaga við að koma svona sérvitringabúnaði á áfangastað. Yfirferðin á labbinu var nú orðið töluvert meiri en í byrjun ferðar. Á þriðja degi vorum við komnir upp á vötnin Glacier lake og Summit lake með gríðarlega granitveggi á báðar hendir. Þann dag fór að draga upp og passlega þegar við vorum komnir inn á vötnin komust drekarnir á loft á þessum líka magnaða stað. Um kvöldið var komin þoka og létt snjócoma sem hélst daginn eftir. Við ákváðum að biða á Summit lake í einn dag í von um að það myndi birta nægjanlega til að við næðum hliðartúr að Asgaard fjalli sem er í næsta dal. Ekki gekk það nú eftir og því færðum við okkur stutt niður eftir Weasel ánni niður að Thor sem er hæsti löðrétti eða yfirhangandi veggur í heimi. Að sögn mun Bowl-ing kúla sem sleppt er á toppnum ekki snerta bergið fyrr en 1 km neðar. Allar myndir af Thor virðast vera hálfbjagaðar í toppinn, en á staðnum sér maður að veggurinn lítur í raun þannig út, enda efstu 300 m ofboðslega yfirhangandi. Frá Summit lake náðum við að ýta okkur og skauta á skiðunum eftir ísnum á ánni. Nokkrar þrengingar eru þar sem jökulgarðar þvera dalinn og á smá kafla þurftum við að draga sleðana í gegnum sandskafla, en að öðru leyti var það frekar ljúft ferðaleg í ævintýralegu umhverfi. Vatnið ofan á ísnum jókst smám saman og við ósinn tóku við þræðingar og vatnasull. Þá var líka kominn vindur sem dugði til að koma okkur á drekunum síðasta spölinn til Overlord þar sem hafisinn mætti okkur aftur. Um kvöldið var síðasti rommsopinn kláraður og þar með gleymdist allt brasið um leið. Frá Overlord til Pang voru um 30 km eftir hafisnum sem var orðinn meyr og farinn að losna aðeins frá landi enda kominn 27. apríl og vorið á næsta leyti. Síðasta daginn fengum við finan byr strax um morguninn sem fleytti okkur langleiðina í bæinn. Á ísnum rétt fyrir utan höfnina hittum við starfsmann þjóðgarðsins sem sagði að við værum síðasti hópurinn fyr-ir vorlokun á svæðinu. En svo má velta því fyrir sér hversu mikil þörf er á formlegri lokun þegar ekki nema 7-8 hópar fara um svæðið á hverju vori. Komnir til Pang tók við hefðbundið át og útréttingar og að lokum flug til að koma sér heim í hamstrahjólíð.

Jón Haukur Steingrímsson



Hreint loft betri heilsa



Honeywell gæða lofthreinsitæki

Loftmengun er hættuleg heilsu og lífsgæðum. Honeywell lofthreinsitæki eru góð við myglugróm, bakteríum, frjókornum, svifryki, lykt og fjarlægir allt að 99,97% af ofnæmisvaldandi efnum.



HFD323E Air Genius 5. Hreinsar allt að 99.9% af óhreindum. Hægt að þvo síuna. Verð kr. 39.420



HPA830 Round Air Purifier. Hreinsar allt að 99.97% af óhreindum. Mjög hljóðlát. Verð kr. 29.960



HA010E hægt að þvo síuna. Verð kr. 16.890



Láttu þér og þínum líða vel - innandyra

Honeywell



Vefverslun: www.donna.is
Erum nú á Facebook: [donna ehf](https://www.facebook.com/donna.ehf)

Donna

Sími 555 3100 www.donna.is

Útköll ársins


Frjá 1. desember 2022 til nóvemberloka 2023 hefur sveitin farið í 144 útköll. Tveir mánuðir skera sig sérstaklega út á árinu, júlí (28 útköll) og nóvember (26 útköll). Í júlí var eldgos við Litla Hrút og í nóvember voru hamfarir í og við Grindavík. Einnig er eftirminnilegt hversu mörg óveðursútköll komu í desember 2022.

- F1: 9 útköll
- F2: 58 útköll
- F3: 24 útköll
- F4: 3 útköll
- F5: 50 skipulögð verkefni (gösvaktir og þjónustuverkefni)

5.680 vinnustundir fóru í þessi 144 útköll og mættu alls 125 félagar einu sinni eða oftar í útkall á tímabilinu en mætingarnar voru um 883 talsins. Félagar eru þannig að mæta í mismörg útköll yfir árið, en þeir sem mætt hafa oftast eru með tugi mætinga á ári hverju.

30% útkalla tímabilsins eru vegna náttúruvárs; það er eldgos við Litla Hrút og hamfarir í Grindavík.

Pegar sveitin fer í útköll er ekki eingöngu að mæta í húsnæði sveitarinnar fólk sem fer á vettvang aðgerðar, heldur einnig baklandið



sem er í húsi, Björgunarmiðstöðinni. Það er fólkið í bækestöð og þeir sem komast ekki í fyrsta viðbragð en eru tilbúnir að fara út með næstu bílum/hópum eða aðstoða við mót-töku á fólkinu okkar eftir erfið útköll.

Helmingur útkalla kemur á föstudögum, laugardögum og sunnudögum. 17% útkalla kemur að nóttu til (frá miðnætti til átta að

morgni), 41% þeirra kemur á dagvinnutíma og 42% seinnipart dags og um kvöld.

Í starfi björgunarsveita vinna allir saman að markmiðinu – að bjarga mannlífum og verðmætum í hættu. Útköllin koma á öllum tímum sólarhrings alla daga vikunnar allan ársins hring. Við erum ávallt tilbúnir til útkalls.

Maður fyrir borð

3. desember 2022 kl. 17:02

F1

Leit á sjó að manni sem féll fyrir borð af fiskibáti 22 sjómílu út af Garðskaga. 15 manns tóku þátt í leitinni.

Leit að stúlku í Garðabæ

5. desember 2022 kl. 22:54

F2

Innanbæjarleit í Garðabæ að unglingsstúlku. 13 félagar voru komnir í hús og fyrsti hópur við það að fara úr húsi þegar stúlkán fannst heil á húfi.

Leit við Þjórsárósa

15. desember 2022 kl. 20:39

F2

Fjöruleit í nágrenni Þjórsár og upp með Þjórsá. Alls komu 11 félagar að leitinni.

Höfuðborgarsvæði - leit að einstaklingi

16. desember 2022 kl. 03:05

F2

Leit að eldri manni á höfuðborgarsvæðinu. Maðurinn fannst áður en tókst að manna hóp. 2 félagar voru mættir í hús.

Keflavíkurflugvöllur - flugvél í vandræðum

16. desember 2022 kl. 23:17

F2

Flugvél í vandræðum út af Reykjanesi og björgunarsveitir settar í viðbragðsstöðu. Vélin lenti heilu og höldnu hálf tíma eftir útkall. 3 félagar voru komnir í hús.

Ófærð á höfuðborgarsvæðinu

17. desember 2022 kl. 15:38

F3

Fastir bílar á Mosfellsheiði og víðar umhverfis höfuðborgarsvæðið en endaði með innanbæjaraðstoð. Verkefnum var lokið klukkan rúmlega 2 um nóttina. 19 félagar og 7 tæki fóru í hin ýmsu verkefni.

Ófærð á Suðurnesjum

18. desember 2022 kl. 07:06

F2

Óskað var eftir farartækjum til aðstoðar á Suðurnesjum. Ekki tókst að manna útkallið.

Óveður á Suðurnesjum

19. desember 2022 kl. 09:18

F2

Óveður var búið að vera í á annan sólarhring á Suðurnesjum og óskað var eftir aðstoð sveita af höfuðborgarsvæðinu þannig að björgunarsveitir og aðgerðarstjórn suður frá kæmust í hvíld. Alls komu 23 félagar að aðgerðinni en hún stóð yfir í 20 klst. 5 farartæki voru notuð, m.a. snjóbill sveitarinnar.

Óveður á höfuðborgarsvæðinu

19. desember 2022 kl. 20:10

F3

Einn bill sveitarinnar kom úr Suðurnesjaaðgerðinni til að sækja óþreytta áhöfn. Þegar hópurinn var á leið út úr bænum fengu þau uppkall frá aðgerðarstjórn í Reykjavík og voru beðin um að fara í lokun við Korpúlfsstaðaveg vegna óveðurs og ófærðar í efri byggðum. 5 félagar komu að þessu útkalli og einn bill.

Beiðni um lokun við Þingvallaveg

20. desember 2022 kl. 07:16

F2

Óskað var eftir bil í lokun við Þingvallaveg. Ekki tókst að manna verkefnið.

Ófærð á höfuðborgarsvæðinu

20. desember 2022 kl. 09:47

F3

Óskað eftir jeppa eða snjóbil vegna ófærðar. Ekki tókst að manna verkefnið.

Leit að unglingi í Hafnarfirði

20. desember 2022 kl. 18:22

F2

Leit að unglingsdregi í Hafnarfirði. Fyrsti hópur var á leið út úr húsi og sá næsti að gera sig kláran þegar dregurinn fannst. 9 félagar voru komnir í hús þegar útkall var afturkallað.

Leit að konu í Reykjavík

23. desember 2022 kl. 05:47

F2

Óskað var eftir bát til leit að konu í Fossvogi og nágrenni. Stefnir komst ekki í útkallið því hann var frosinn fastur í höfninni. Konan fannst einni klukkustund eftir að útkall barst. 4 félagar voru komnir í hús.

Breiðholt - eftirgrennslan

25. desember 2022 kl. 11:47

F2

Afboðun barst áður en fyrsta leitarfólk var komið í hús. Einn félagi bækestiðvar var kominn í hús.

Leit í Reynishverfi (Mýrdal)

25. desember 2022 kl. 18:29

F2

Óttast var um tvo hópa erlendra ferðamanna sem voru á ferðinni í Reynishverfi en þar brast á með óveðri. Óskað var eftir snjóbil og jeppum. 2 jeppar og snjóbillinn á vörubílum voru komnir austur fyrir Selfoss þegar afboðun barst.

Leit að drengi í Kópavogi

30. desember 2022 kl. 01:04

F2

Fyrsti hópur var við það að fara út úr húsi þegar dregurinn fannst og afturköllun barst. 11 félagar voru mættir í björgunarmiðstöðina.

2023

Fastir bílar á Mosfellsheiði

8. janúar kl. 18:15

F2

Félagar í tækjaflokk voru í æfingaferð á Mosfellsheiði og fengu uppkall í talstöð frá 112 með beiðni um að aðstoða fasta bíla á heiðinni. Áætlað var að um 50-60 bílar og 2 rútur væru í vandræðum. Alls komu 4 tæki og 16 félagar að þessari aðgerð.

Eftirgrennslan í Borgarnesi

14. janúar kl. 09:00

F3

Leit í Borgarnesi og nágrenni að manni sem hafði verið týndur síðan 7. janúar. Aðgerð sem þessi er stundum boðuð daginn áður og gefst þannig tækifæri til að skipuleggja hópa fyrirfram. Báðir minni bátar sveitarinnar fóru í leitina ásamt báðum buggy bílum okkar. Leit stóð yfir allan daginn en var árangurslaus. Alls komu 10 félagar að leitinni og 9 tæki.

Leit við Grafarvog

20. janúar kl. 15:57

F2

Leit að 13 ára drengi í Grafarvogi. Drengurinn fannst hálf tíma síðar, rétt í þann mund sem fyrstu hópar voru að fara af stað úr björgunarmiðstöð. 7 manns voru komnir í hús.

Leit í Breiðholti

3. febrúar kl. 11:19

F2

Leit að fullorðinni konu sem ekki skilaði sér heim kvíldið áður. Tveir hópar voru farnir til leitar þegar viðkomandi fannst. 7 félagar voru komnir í aðgerðina og tveir bílar.

Jarðskjálfti í Tyrklandi

7. febrúar kl. 19:00

F3

11 manna hópur á vegum Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Landhelgisgæslunnar fór til Tyrklands til að aðstoða vegna jarðskjálfta sem þar varð 6. febrúar. Skjálftinn var af stærðinni 7,8. 3 félagar úr HSSK voru í hópnum. Grein um þessa ferð má sjá hér í blaðinu á bls. 28-30

3 AÐGERÐIR SAMA DAG:

Óveður á höfuðborgarsvæðinu

11. febrúar kl. 11:35

F2

Ýmislegt lagði af stað í miklu roki á höfuðborgarsvæðinu. 2 hópar frá okkur voru í ýmsum verkefnum fram á miðjan dag. Alls tóku 11 félagar þátt í útkallinu.

Laus bauja við Bakkavör á Seltjarnarnesi

11. febrúar kl. 11:36

F2

Óskað var eftir að Stefnir færi að sækja siglingabauju sem hafði losnað upp út af Seltjarnarnesi. Eftir að málin höfðu verið skoðuð nánar af sveiðisstjórn var beiðnin afturkölluð. Ljóst var að ekki gaf til siglinga í því veðri sem gekk yfir.



Við útkallsboðun er notað litakerfi til að veita viðbragðsaðilum upplýsingar um hversu mikils viðbúnaðar sé þörf

GRÆNT dagleg verkefni Slysi eða atburði er sinnt af fáum viðbragðsaðilum eða stofnunum.

GULT stærri og flóknari aðgerðir Alvarlegt slys eða atburður svo sem leit á einu svæði eða þörf er á að margir viðbragðsaðilar eða stofnanir sinni verkefninu.

RAUTT stórslys og hamfarir Mjög umfangsmikið slys eða atburður svo sem leit eða björgun við erfiðar aðstæður eða á mörgum svæðum. Þörf á aðkomu mikils fjölda viðbragðsaðila eða stofnana og aukin þörf á samhfæingu og stjórnskipulagi almannaavarna.

SVART þjóðarvá Þjóðarvá; hamfarir eða atburðir sem hafa áhrif á mörg umdæmi á sama tíma.

Þörf á forgangshraða viðbragðsaðila ræðst af alvarleika slyss eða atviks

F1 - Mesti hraði

F2 - Mikill hraði

F3 - Lítil hraði

F4 - Ekki forgangur

F5 - Skipulögð verkefni

Óveðursaðstoð á Suðurnesjum

11. febrúar kl. 14:23

F2

Óskað var eftir hópum af höfuðborgarsvæðinu til aðstoðar í óveðri á Suðurnesjum. Einn hópur frá okkur var að leggja af stað suður eftir þegar beiðnin var afturkölluð.

Eldur í bát út af Garðskaga

18. febrúar kl. 17:42

F2

Grunur var um eld í bát og 12 manns um borð. Björgunarskip af höfuðborgarsvæðinu voru boðuð ásamt Suðurnesjasveitum. Afturköllun kom nokkrum mínútum síðar þegar ljóst var að enginn eldur var um borð.

2 AÐGERDIR SAMA DAG:

Leit við Skarðsmýrarfjall / Hellsheiði

19. febrúar kl. 17:49

F2

6 manna hópur gekk frá Hreysi en skilaði sér ekki í bílana sem voru að sækja þá. 13 félagar sveitarinnar á 2 jeppum og snjóbil voru komnir til leitar og aðstoðar upp á heiði þegar hópurinn fannst.

10 bíla árekstur á Hellsheiði

19. febrúar kl. 18:15

F2

Snjóbillinn, sem hafði verið í leitinni að gönguhópnum, fór til aðstoðar á heiðinni vegna ófærðar og einnig var óskað eftir fleiri bílum til fólksflutninga. 4 bifreiðar og 10 einstaklingar tóku þátt í aðgerðinni.

Nauðlending á Keflavíkurlugvelli

27. febrúar kl. 18:15

F2

Pota með 178 manns um borð þurfti að lenda á einum hreyfli. 7 félagar voru komnir í björgunarmiðstöðina og fyrsti hópur var að leggja af stað þegar afboðun barst.

Leit að karlmanni í Hafnarfirði

3. mars kl. 10:58

F3

Umfangsmikil leit að karlmanni sem hvarf frá heimili sínu í Hafnarfirði. Visbendingar fundust á Álftanesi og var leitað í tvo daga á sjó og í fjöru. Eftirleit var hálfum mánuði síðar. Alls voru 42 mætingar féлага í þessa leit þá þrjú daga sem leitað var. Bátar, bifreiðar og dróni voru nýtt við leitina.

Slasaður maður í skipi á Faxaflóa

9. mars kl. 13:08

F2

Óskað var eftir liðsinni Stefnis við að sækja slasaðan skipperja um borð í fiskveiðiskip á Faxaflóa. 5 félagar komu að aðgerðinni.

Eftirgrennslan fyrir lögreglu

15. mars kl. 18:50

F2

Stefnir var í æfingasiglingu þegar uppkall barst í talstöð frá lögreglu. Óskað var eftir að skipverjar myndu kanna með torkennilegan hlut sem sést hafði í sjónum milli Gufuness og Viðeyjar / Geldinganes. Í ljós kom að um var að ræða íslagða bauju. 4 félagar tóku þátt í verkefninu.

Fall við Glym

22. mars kl. 10:44

F1

Kona féll niður frá göngustíg ofarlega við fossinn Glym og niður í Glymsgil. Einn undanfari sveitarinnar fór með þyrlu Landhelgisgæslunnar á staðinn og fleiri fóru í kjölfarið. Aðgerðir stóðu yfir í um 6 klst. 14 félagar sveitarinnar komu að aðgerðum.

Aðstoð við sinubruna við Straumsvík.

MYND: ARNAR ÓLAFSSON.



Sinubruni í Straumsvík

23. mars kl. 14:45

F2

Sinubruni sunnan við Straumsvík, við bæinn Óttastaði. Björgunarsveitir voru fengnar til að aðstoða slökkvilið. Snjóbill sveitarinnar fór á staðinn til að aðstoða við flutning á búnaði slökkviliðs og einnig fór einn jeppi sveitarinnar á staðinn með frekari mannskap. 8 klst síðar voru öll tæki og mannskapur komnir aftur til síns heima. 11 félagar komu að verkefninu.

2 AÐGERDIR SAMA DAG:

Vélsleðaslys við Jarlhettur

25. mars kl. 15:04

F1

Vélsleðaslys varð í nágrenni Jarlhettna. 3 sleðar sveitarinnar voru lagðir af stað austur á bóginn til aðstoðar en var snúið við eftir að ljóst var að þyrla LHG gat athafnað sig á staðnum. 7 félagar komu að aðgerðinni.

Slasaður einstaklingur á Úlfarsfelli

25. mars kl. 16:20

F2

Aðstoð við að koma slösuðum einstaklingi upp á topp Úlfarsfells og í sjúkrabil. Hópur sem hafði lagt af stað á Jarlhettur var að renna í bæinn þegar útkallið kom og fór beint á vettvang. Fleiri aðilar bættust við og aðstoðuðu við verkefnið en sigla þurfti niður að einstaklingnum. 10 félagar komu að aðgerðinni.

Snjóflóð á Neskaupsstað

27. mars kl. 10:15

F2

Óskað var eftir aðstoð sveita af höfuðborgarsvæðinu austur á firði vegna snjóflóða og snjóflóðahættu. Fimm félagar úr HSSK fóru austur. Grein um ferðina má sjá á bls 24. Alls komu 16 félagar sveitarinnar að aðgerðinni ýmist fyrir austan eða heima í húsi.

Fall við Fagrafell

28. mars kl. 01:00

F1

Tveir einstaklingar voru að klífra upp á Fagrafell nærri Seljalandsfossi. Annar þeirra féll niður í gil og hinn lenti í sjálfheldu. 3 undanfara sveitarinnar fóru á staðinn ásamt bilstjóra. Þeir aðstoðuðu við að koma þeim slasaða í börur og bera hann þangað sem þyrla Landhelgisgæslunnar gat athafnað sig til að hifa hann um borð. Sá í sjálfheldunni var einnig hífður upp í þyrluna. Alls komu 6 félagar sveitarinnar að þessari björgun, ýmist á vettvangi eða í björgunarmiðstöðinni í Kópavogi.

Stormur á höfuðborgarsvæðinu

7. apríl kl. 14:59

F3

3 félagar sveitarinnar mönnum einn hóp sem fór víða um Kópavog og nágrenni til að sinna 5 af 95 fokverkefnum sem komuinn á borð Neyðarlínunnar þennan dag. Alls komu 5 félagar að aðgerðinni.

Leit að unglingsstúlku í Garðabæ

11. apríl kl. 23:112

F2

Leit að unglingsstúlku í Garðabæ sem skilaði sér ekki heim eftir skólaskemmtun. Tveir hópar voru komnir út til leitar og sá þriðji var við það að fara út þegar stúlkan fannst heil á húfi. Alls komu 13 félagar að aðgerðinni.

Leit að konu í Árbæ

17. apríl kl. 22:09

F2

Eldri kona skilaði sér ekki heim. Fjórir leitarhópar frá HSSK voru komnir út til leitar þegar hún fannst 2 klst eftir útkall. 12 félagar tóku þátt í leitinni á einn eða annan hátt.






CINTAMANI

Við þekkjum tilfinninguna

Austurhraun - Faxafen 7 | cintamani.is



Stefnir kemur vélarvana bát að landi.

MYND: ÞORVALDUR HAFBERG

Týndur einstaklingur á Seltjarnarnesi

20. apríl kl. 01:52

F2

Leit að einstaklingi á Seltjarnarnesi sem fannst hálf tíma eftir að útkall barst. 4 félagar voru komnir í hús þegar afturköllun kom en fyrsti hópur ekki lagður af stað.

Sækja bílaðan bíl upp að Hrauneyjum

30. apríl kl. 09:00

F4

Björgunarsveit á höfuðborgarsvæðinu hafði samband og óskaði eftir aðstoð við að koma bíluðum jeppa til byggða en bíllinn hafði bílað upp á Vatnajökli. Jeppanum var komið í Hrauneyjar og þangað fór vörubíll okkar til að sækja hann. Alls komu 4 félagar að undirbúningi og framkvæmd þessarar aðstoðar.

Leit að konu við Flúðir

1 maí kl. 06:49

F2

Óskað var eftir aðstoð björgunarsveita við að leita að eldri konu við Flúðir. Afboðun barst áður en fyrsti maður var mættur út í björgunarmiðstöð.

Vélarvana bátur 17 sjómílar vestur af Sandgerði

4. maí kl. 01:17

F2

Stefnir fór til aðstoðar við að koma vélarvana bát til hafnar í Sandgerði. Alls komu 4 félagar að aðgerðinni.

Leit að báti á Faxaflóa

8. maí kl. 12:34

F2

Lítill strandveidibátur datt út úr vöktun og ekki náðist í hann. Áhöfn Stefnis var að leysa landfestar þegar sambandi náðist við bátinn, í ljós kom að hann hafði misst út rafmagn. 5 félagar í HSSK voru komnir í hús vegna aðgerðarinnar.

Slasaður skíðamaður á Vatnajökli

13. maí kl. 19:28

F2

Svæðisstjórn á Suðurlandi óskaði eftir aðstoð snjóbíla af höfuðborgarsvæðinu til að komast að hópi gönguskiðafólks upp á Vatnajökli en einn aðili þar hafði fallið og slasast á höfði. Veður var slæmt á svæðinu og var hópum stefnt upp á jökullinn úr fleiri en einni átt. Vörubíll okkar var kominn að Pétursey þegar ljóst var orðið að ekki þyrfti frekari bjargir upp á jökul. Átta félagar í sveitinni tóku þátt í aðgerðinni á einn og annan hátt.

2 AÐGERÐIR SAMA DAG:

Vélarvana skip rekur að landi í Hvalfirði

21. maí kl. 10:00

F1

Útkall á Stefni. 3 félagar voru komnir í hús og fleiri á leiðinni þegar afturköllun barst.

Prammi dreginn í höfn í Kópavogi

21. maí kl. 14:30

F4

Beiðni frá Vegagerðinni um aðstoð við að koma pramma í land. Stefnir fór í verkefnið með 3 í áhöfn.

Vélarvana bátur út af Gróttu

26. maí kl. 00:40

F2

Stefnir kallaður út til að aðstoða við að koma vélarvana bát til aðstoðar. 4 félagar komu að verkefninu.

Sjóslys í Hafnarfjarðarhöfn

3. júní kl. 10:38

F1

Kæna sást á hvolfi í Hafnarfjarðarhöfn og tveir aðilar við hana. Áhöfn á Stefni var á leið um borð þegar afturköllun kom 12 mínútum eftir útkall. Í ljós kom að þetta var æfing hjá siglingaklúbbi. 3 félagar voru komnir í hús hjá okkur.

Sjóbrettamaður í vandræðum nærri Gróttu

4. júní kl. 18:59

F2

Stefnir fór út til aðstoðar við að leita að manni sem var í vandræðum á sjóbretti. 7 félagar komu að þessari aðgerð sem leystist fljótt og farsælega.

Vélarvana bátur við Álftanes

7. júní kl. 19:21

F2

Lítill bátur varð bensinlaus rétt utan við Álftanes. Stefnir var kominn að bátinum 16 mínútum eftir útkall og kom honum til hafnar. Alls komu 4 sveitafélagar að verkefninu.

2 AÐGERÐIR SAMA DAG:

Vélarvana bátur á Engeyjarsundi

13. júní kl. 01:55

F2

Stefnir var kominn áleiðis þegar ljóst var að búið var að koma þeim vélarvana til aðstoðar. 3 félagar komu að útkallinu.

Leit að konu við Svörtuloft á Reykjanesi

13. júní kl. 13:30

F3

Leit að konu nærri Svörtuloftum við Suðurstrandarveg. Óskað var eftir dróna til leitar. 4 sveitarfélagar komu að leitinni.

Leit að dreng í Vatnaskógi

15. júní kl. 04:15

F2

Drengur hvarf úr sumarbíðum í Vatnaskógi. Svæðisstjórn á Vesturlandi óskaði eftir aðstoð sveita af höfuðborgarsvæðinu. Ekki tókst að manna hóp til að senda upp eftir. Tveir félagar voru mættir í hús.

Neyðarsól yfir Viðey

18. júní kl. 11:18

F2

Stefnir fer úr höfn til að kanna með hugsanlega háska þar sem neyðarsól sást á lofti yfir Viðey. Eftir rúmlega klukkustundar leit var orðið ljóst að enginn háski var á ferð. 6 sveitarfélagar komu að verkefninu.

Prammi losnaði frá akkeri í Kópavogi

28. júní kl. 16:33

F3

Prammi frá Vegagerðinni losnaði frá akkeri utan við Naustavör í Kópavogi og slóst þar utan í grjótgardinn. Stefnir fór til að koma prammanum að bryggju. 6 manns komu að aðgerðinni frá HSSK.

Leit að dreng í Garðabæ

29. júní kl. 00:23

F2

Leit að dreng í Garðabæ. Einn leitarhópur fór út til leitar og fann drenginn eftir hálf tíma leit. Allir 7 félagarnir sem komu að þessari leit.

Fastur bíll í Hruná í Þórsmörk

6. júlí kl. 18:58

F2

Félagi í sveitinni tók þátt í björgun bíls upp úr Hruná í Þórsmörk.

Leit að Cessna 172 á Austurlandi

9. júlí kl. 17:40

F1

Lítill Cessna flugvél hvarf af radar á Austurlandi. Einn sveitabíll og tveir félagar, ásamt dróna sveitarinnar, voru á leið heim frá Borgarfirði Eystra eftir að hafa tekið þátt í gæslu í Dyrfjallahlaupi. Þeir voru ekki langt frá áætluðum slysstað, snéru við og héldu þegar á staðinn og settu drónann á loft til leitar. Alls tóku 4 félagar sveitarinnar þátt í þessari leit, ýmist á staðnum eða í fjarvinnu bækistöðvar.

Eldgos á Reykjanesi

10. júlí kl. 17:28

F3

Útkall barst kl. 17:28 um að eldgos væri hafið en að biða ætti frekari fyriræla. Kl 20:00 barst annað SMS þar sem óskað var eftir hópum í gæslu um nöttina. Alls fóru 12 manns á fjórum farartækjum til gæslu og í vettvangsstjórn.

3 AÐGERÐIR SAMA DAG:

Slasaður einstaklingur í Þórsmörk

11. júlí kl. 15:27

F2


Tveir félagar sveitarinnar, sem unnu við skálavörslu í Þórsmörk, fengu uppkall í talstöð og voru beðin að kanna með slasaðan einstakling við Merkurran. Þau fóru á staðinn og aðstoðuðu við að koma viðkomandi í sjúkrahúsi.



ÚTIVISTAFÓLK

Motorola fjarskiptabúnaður tryggir gott samband.

Þegar gæði og þjónusta skipta máli!





Stefnir aðstoðar við að draga vélarvana bát að landi.

MYND: ÞORVALDUR HÁFBERG

Bensínlaus bátur

22. júlí kl. 16:48

F3

Stefnir fór til aðstoðar við bensínlausan bát úti fyrir Seltjarnarnesi. 3 félagar komu að verkefninu.

2 AÐGERÐIR SAMA DAG:

Eldgos á Reykjanesi

23. júlí kl. 8:00

F5

Samtals mönnumu 5 félagar morgun og dagvaktir á gosstöðvum. Einn sá svo um að skutla vaktaskiptum á milli bæjarfélaga. Alls 6 félagar sem komu að þessari vaktatörn.

Leit að sokkinni skútu

23. júlí kl. 14:47

F3

Stefnir var fenginn til að aðstoða lögreglu við að finna sokkna skútu nærri Njarðvík. Tveir félagar fóru á Stefni í verkefnið.

Eldgos á Reykjanesi

24. júlí kl. 8:00

F5

Einn félagi úr bælistöðvarhóp fór á morgunvakt í vettvangsstjórn í Grindavík.

Eldgos á Reykjanesi

25. júlí kl. 11:45

F5

Buggy bílar fóru á kvöldvakt með fjóra féлага og einn félagi sinni vettvangsstjórn frá Grindavík.

2 AÐGERÐIR SAMA DAG:

Vatnsflutningar á gossvæði

26. júlí kl. 8:00

F5

Óskað var eftir aðstoð vörubíls við flutning á vatnstönkum upp á gossvæði en það var liður í vinnu slökkviliðs við að slökkva gróðurelda á svæðinu. 2 félagar fóru í verkefnið.

Eldgos á Reykjanesi

26. júlí kl. 17:00

F5

Kvöldvakt á gossvæði, báðir buggy bílarnir og fjórir félagar.

2 AÐGERÐIR SAMA DAG:

Vatnsflutningar á gossvæði

29. júlí kl. 9:00

F5

Vatnstankaflutningar upp á gossvæði. Einn sveitarfélagi sinni verkefninu.

Eldgos á Reykjanesi

29. júlí kl. 11:00

F5

Einn félagi sinni dagvakt í vettvangsstjórn í Grindavík og síðan komu 5 félagar með buggy bílana á kvöldvakt.

Eldgos á Reykjanesi

30. júlí kl. 17:00

F5

Kvöldvakt á gosstöðvum, báðir buggy bílarnir og fimm félagar.

Leit að manni í Öskjuhlíð

2. ágúst kl. 6:20

F2

Sveitin var kölluð út vegna leitar að manni í Öskjuhlíð. 2 félagar voru komnir í hús þegar maðurinn fannst og leit var afturkölluð.

Örmagna göngumenn við Réttarnef í Þórs mörk

11. júlí kl. 16:47

F2

Skálaverðir voru rétt búnir að ljúka við verkefnið með slasaða einstaklinginn þegar önnur beiðni barst frá Neyðarlínu um að aðstoða örmagna göngumenn við Réttarnef. Þeim var komið yfir ána og að bifreið sinni.

Eldgos á Reykjanesi

11. júlí kl. 22:30

F5

Einn félagi fór á næturvakt í vettvangsstjórn í Grindavík.

Eldgos á Reykjanesi

12. júlí kl. 22:45

F5

Báðir buggy bílar sveitarinnar fóru á næturvakt á gosstöðvum, alls 4 félagar.

Eldgos á Reykjanesi

14. júlí kl. 16:50

F5

Báðir buggy bílar sveitarinnar fóru á kvöldvakt með fjóra félagar.

Eldgos á Reykjanesi

15. júlí kl. 8:00

F5

Félagar sveitarinnar tóku morgun- og dagvaktir á gossvæðinu. Alls 8 félagar.

2 AÐGERÐIR SAMA DAG:

Leit að stúlku í Breiðholti

16. júlí kl. 7:24

F2

Leit að unglingsstúlku í Breiðholti. Tveir félagar fóru á reiðhjólum til leitar og aðrir leituðu með dróna sveitarinnar. Alls komu 5 sveitafélagar að leitinni.

Eldgos á Reykjanesi

16. júlí kl. 8:00

F5

Tveir félagar fóru á morgunvakt.

3 AÐGERÐIR SAMA DAG:

Eldgos á Reykjanesi

17. júlí kl. 12:00

F5

Einn félagi fór á dagvakt í vettvangsstjórn og annar mætti á kvöldvakt.

Týndur maður við Keili

17. júlí kl. 14:20

F2

Óskað var eftir dróna til aðstoðar við leit að manni við Keili. Afboðað áður en drónahópur komst af stað.

Eldgos á Reykjanesi

17. júlí kl. 17:10

F5

Báðir buggy bílar mættu á kvöldvakt. Alls 8 félagar á gossvæðinu í eftirliti.

Eldgos á Reykjanesi

18. júlí kl. 17:00

F5

Kvöldvakt 7 féлага á gosstöðvum. Báðir buggy bílar á svæðinu. Ferðamaður hneig niður og hluti hósins tók þátt í endurlifgunartilraunum sem báru því miður ekki árangur.

Eldgos á Reykjanesi

19. júlí kl. 17:00

F5

Einn hópur á kvöldvakt á einum buggy bíl.

Eldgos á Reykjanesi

19. júlí kl. 23:20

F5

Einn félagi úr bælistöðvarhóp fór á næturvakt í vettvangsstjórn.

2 AÐGERÐIR SAMA DAG:

Eldgos á Reykjanesi

22. júlí kl. 8:00

F5

Langur laugardagur á gosstöðvum. Teknar morgun-, dag- og kvöldvaktir. Tiðindalaust framan af degi en mikið um örmagna fólk um kvöldið sem þurfti að aðstoða. Alls 13 félagar sem mönnumu buggy bíla sveitarinnar á vöktunum.





Bregðum blysum á loft...

Munið bara að kaupa flugeldana af hjálparsveitunum sem ávallt eru viðbúnar þegar kallið kemur!

Stólpi Gámar senda viðskiptavinum sínum og landsmönnum öllum óskir um gleðileg áramót með þökkum fyrir árið sem er að líða.



Stólpi Gámar

2 AÐGERDIR SAMA DAG:

Eldgos á Reykjanesi

3. ágúst kl. 17:00

F5

4 félagar á báðum buggy bílum tóku kvöldvakt á gossvæði. Töluvert af verkefnum við að selflytja örmagna fólk.

Slösuð manneskja í Þórsmörk

3. ágúst kl. 17:15

F2

Neyðarlína hafði samband við einn féлага sveitarinnar sem var við skálavörslu í Þórsmörk og bað hann að aðstoða slasaða manneskju í Mörkinni.

Eldgos á Reykjanesi

4. ágúst kl. 17:00

F5

3 félagar á báðum buggy bílum á kvöldvakt.

2 AÐGERDIR SAMA DAG:

Leit á Selfossi

5. ágúst kl. 9:35

F3

Óskað var eftir drónahóp vegna leitar að karlmanni á Selfossi. Maðurinn fannst áður en hópur lagði af stað.

Eldgos á Reykjanesi

5. ágúst kl. 17:00

F5

Viðburðalaus vakt á gossstöðvum á laugardagskvöldi um verslunarmannahelgi. Báðir buggy bílarnir og 4 félagar.

Eldgos á Reykjanesi

6. ágúst kl. 17:00

F5

Kvöldvakt á gossvæði á buggy bílum og í vettvangsstjórn í Grindavík. Fjórir félagar sinntu verkefninu.

Eldgos á Reykjanesi

9. ágúst kl. 17:15

F5

Einn félagi fór á kvöldvakt með hópi úr annarri björgunarsveit.

Vélarvana jetski fyrir utan Gróttu

10. ágúst kl. 23:40

F2

Stefnir var kallaður út til að aðstoða mann á vélarvana jetski utan við Gróttu. Tæki og maður voru sótt og þeim komið til hafnar. 5 félagar í sveitinni tóku þátt í aðgerðinni.

Eldgos á Reykjanesi

11. ágúst kl. 12:00

F5

Pennan dag var gossvæðið fært niður í óvissustig Almanna- (var áður á hættustigi) enda var gosið að niðurlotum komið. Einn maður var í vettvangsstjórn og tveir fóru á buggy bíl til fjalls.

2 AÐGERDIR SAMA DAG:

Eldgos á Reykjanesi

13. ágúst kl. 12:00

F5

Síðasta gosvaktin í þessu gosi, fimm félagar mættu á dagvakt. Einn var í vettvangsstjórn og fjórir á buggy bílum upp á gossvæði.

Sækja bilaðan bíl frá Kili

13. ágúst kl. 19:30

F4

Stundum gerist það að björgunarsveitir lenda í vandræðum með tæki fjárrí mannabyggðum og þá eru aðrar sveitir

Örmagna göngumanni komið niður í Jökultungum.

MYND: MARÍA GÚSTAVSDÓTTIR.



fengnar til aðstoðar. Björgunarsveitin Kjölur lenti í dekkjavandræðum upp á hálandinu og fórum við til aðstoðar. Vörubíllinn fór með fleti upp að Þórisvatni, tók jeppann á fletið og kom honum í bæinn. 2 félagar fóru í verkefnið.

Bambavinna á gossvæði

24. ágúst kl. 12:00

F5

Beiðni barst frá Almanna- og Þórsmörkum um bíla til að aðstoða við að koma bömbum til byggða en þeir höfðu verið staðsettir á gossvæðinu fullir af vatni til að geta brugðist við gróðureldum. Farið var í verkefnið á pallbíli sveitarinnar og vörubíl. 4 félagar tóku þátt í verkefninu. Alls voru fluttir 24 bambar og fjórar bambagrindur sem höfðu orðið eldi að bráð.

Fastur bill í Illgali

27. ágúst kl. 16:00

F3

112 kallaði upp hálandisvakt okkar í Landmannalaugum vegna bílaleigubíls sem var fastur í vaði í Illgali að Fjallabaki. 4 félagar fóru í verkefnið.

3 AÐGERDIR SAMA DAG:

Eftirlit á F208 vegna Skaftárhlaups

29. ágúst kl. 16:45

F3

Lögreglan á Suðurlandi óskaði eftir aðstoð hálandisvaktar HSSK við að loka inn á fjallabaksleið nyrðri (F208) til austurs við Landmannalaugar vegna hlaups í Skaftá. 2 félagar sinntu verkefninu þar til komið var með lokunarskilti.

Bíll fastur í Syðri Ófæru

29. ágúst kl. 17:00

F3

Fjarskiptamiðstöð lögreglu kallaði upp hálandisvakt HSSK og óskaði eftir aðstoð vegna fasts bíls á vega F233. Buggy bílar sveitarinnar voru á ferðinni og fóru í verkefnið. 4 félagar komu að verkefninu.

Leit að manni við Eyrarbakka

29. ágúst kl. 23:01

F2

Óskað var eftir drónahóp sveitarinnar til að leita að eldri manni í nágrenni Eyrarbakka. 4 sveitarfélagar komu að verkefninu.

Slasaður ferðamaður í Hrafninnuskeri

30. ágúst kl. 21:50

F3

Fjarskiptamiðstöð hafði samband við hálendisvakt sveitarinnar í Landmannalaugum og óskaði eftir aðstoð við að koma slösuðum ferðamanni úr Hrafninnuskeri til móts við sjúkrabil.

Leit að karlmanni á höfuðborgarsvæðinu

31. ágúst kl. 1:00

F2

Leit að ungum manni á höfuðborgarsvæðinu. Einn hópur, með 5 félagar, fór til leitar.

2 AÐGERDIR SAMA DAG:

Örmagna göngumaður í Jökultungum

1. september kl. 20:15

F2

Fjarskiptamiðstöð hafði samband við hálendisvaktarhóp í Landmannalaugum upp úr kvöldmat og óskaði eftir aðstoð vegna örmagna göngumanns á gönguleið milli Hrafninnuskers og Álftavatns. Á svæðinu var gul veðurviðvörðun, hávaðarok og slagveður. Farið var á tveimur jeppum og einum buggy bíl í verkefnið, samtals 8 manns. Tveir urðu eftir í Landmannalaugum. Þegar okkar fólk hafði fundið viðkomandi var ljóst að það þurfti aðstoð fleiri björgunarmanna og voru sveitir af Suðurlandi því kallaðar út. Alls komu 34 björgunarmenn að því að koma viðkomandi aðila niður brattlendið og í skála við Álftavatn.

Rok í Reykjavík

1. september 21:30

F2

Gul veðurviðvörðun um allt land og ýmislegt fauk á höfuðborgarsvæðinu. Einn hópur fór í verkefni. Alls komu 7 félagar að verkefninu.

2 AÐGERDIR SAMA DAG:

Leit að einstaklingi í Hafnarfirði

2. september kl. 6:52

F2

Stefnir leitaði strandlengjur við Hafnarfirð. Alls komu 5 félagar að leitinni.

Veikur einstaklingur í Hrafninnuskeri

2. september kl. 17:00

F2

Neyðarlínan kallaði upp hálendisgæsluhóp vegna veikrar manneskju í Hrafninnuskeri. Henni var ekið á Hellu. Alls komu 4 aðilar að verkefninu.

Fastur bíll á Landmannaleið

3. september kl. 11:20

F3

Neyðarlína kallaði upp hálendisgæsluhóp vegna ferðamanna sem voru fastir í fyrsta vaði á Landmannaleið. Farið var á jeppa úr Landmannalaugum til að kíkja á málin. Billinn var kominn á þurrt þegar að var komið. Alls komu 5 sveitafélagar að verkefninu.

Strandaður hvalur í Gilsfirði

22. september kl. 18:11

F3

Óskað var eftir ljósahóp frá HSSK til að aðstoða í Gilsfirði vegna strandaðs hvals sem þar var. Ekki tókst að manna verkefnið.

Bílvelta á Fimmvörðuhálsi

30. september kl. 17:56

F3

Bíll valt á Fimmvörðuhálsi og í kjölfarið valt snjóbill björgunarsveitar af Suðurlandi. Óskað var eftir aðstoð

Viltu styrkja HSSK?

Hægt er að styrkja starf HSSK með frjálsu framlagi. Styrktarreikningur okkar er:

BANKI: 322-26-445

KT. 410271-0289

Skriðu þarf í athugasemd með millifærslu "Styrkur 2023" og þá fara upplýsingar um styrkinn í gagnagrunn Skattisins.

Hjálparveit skáta í Kópavogi (HSSK) er á almannaheillaskrá Ríkisskattstjóra. Styrkir til sveitarinnar eru því frádráttarbærir frá skatti hvort sem um er að ræða einstaklinga eða fyrirtæki.

björgunarsveita af höfuðborgarsvæðinu. Alls komu 8 félagar að þessari aðgerð sem stóð í rúman sólarhring. Nánar er fjallað um aðgerðina í grein á bls 62.

Vélarvana bátur út af Sandgerði

7. október kl. 00:25

F2

Vélarvana bátur um 5 sjómilur út af Sandgerði. Stefnir fenginn til aðstoðar ásamt öðrum bát af höfuðborgarsvæðinu. Alls komu 5 félagar að þessari aðgerð.

Föst í bíl upp á Skálafelli

10. október kl. 6:39

F3

Jeppi var kominn töluvert út fyrir slóða upp á Skálafelli og kominn í sjálfheldu. Vindhviður slógu í 44 m/s á svæðinu. Fólkið var sótt og komið til síns heima. Fimm sveitarfélagar komu að aðgerðinni.



Arnar Ólafsson, félagi í HSSK, á leið
í sjónvarpsviðtal á gosvakt í sumar.

MYND: HULDA ÖSP ATLADÓTTIR



Fastir bílar á Hellisheiði og í Þrengslum

12. október kl. 8:35

F3

Óskað var eftir aðstoð jeppa og snjóbíls vegna fastra bíla á Hellisheiði og í Þrengslum. 2 félagar sinntu þessu verkefni.

Leit að manni í Hafnarfirði

16. október kl. 14:53

F3

Björgunarsveitir á höfuðborgarsvæðinu voru kallaðar út til leitar að manni í Hafnarfirði. Leit var afturkölluð áður en fyrsti hópur fór úr húsi. 5 félagar voru komnir í hús.

Týnd mannskja úti á sjó

26. október kl. 23:19

F1

Óttast var um farþega um borð í hvalaskoðunarbáti. Mannskjan fannst um borð 10 mínútum eftir útkall. 5 skipverjar á Stefni voru komnir í hús og voru við það að leysa landfestar þegar afturköllun kom. Alls voru 7 félagar komnir í hús.

Leit að stúlku í Garðabæ

31. október kl. 2:13

F3

Leit að stúlku í Garðabæ. Afboðað 5 mínútum eftir að útkall barst. Nokkrir félagar voru á leið í hús þegar afturköllun bars.

Kona í sjóinn við Sörlaskjól

7. nóvember kl. 12:30

F2

Útkall vegna gruns um að kona væri í sjónum við Sörlaskjól. Afboðað nokkrum mínútum síðar og áður en fyrsta fólk var mætt í hús.

Aðstoð í fjöldahjálparstöð í Kórnum

10. nóvember kl. 20:20

F2

Sveitin var kölluð út til að aðstoða Rauða Krossinn við að koma upp fjöldahjálparstöð í Kórnum í Kópavogi. Fjöldi Grindvíkinga hafði flúið harða jarðskjálfta í bænum og sama kvöld var lýst yfir neyðarstigi Almannaavara og Grindavíkurbær rýmdur. 9 félagar fóru til aðstoðar.

Viðbúnaður vegna rýmingar í Grindavík

10. nóvember kl. 23:26

F1

Sveitin var kölluð út til að koma upp og manna lokunarpósta í nágrenni Grindavíkur. Sendir voru út 3 hópar. Alls komu 13 félagar að þessari aðgerð.

Verkefni í Grindavík í kjölfar rýminga

12. - 27. nóvember

F5

Í kjölfar rýmingar í Grindavík tóku félagar HSSK nánast daglega þátt í fjölbreyttum verkefnum tengdum verðmætajörgun, aðgerðastjórnun og annarri aðstoð.

12. nóvember kl. 12:08

Almenn aðstoð við að flytja íbúa Grindavíkur inn í bæinn til að sækja verðmæti og nauðsynjar. Einn bill fór í verkefnið og nokkrir félagar voru í húsi að sinna undirbúningsverkefnum fyrir fyrirséð stórverkefni. Alls voru 7 félagar að störfum þennan dag. Um kvöldið fóru tveir hópar til að manna lokunarpóst á Grindavíkurvegi. 5 manns komu að því verkefni.

13. nóvember kl. 8:30

Almenn aðstoð við að flytja íbúa Grindavíkur inn í bæinn til að sækja verðmæti og nauðsynjar. Óskað var eftir að rústabjörgunarhópur sveitarinnar væri með viðbragð á svæðinu vegna fjölda illa farinna húsa. Einnig sigldi Stefni til Sandgerðis til vera til taks þegar bátar voru fluttir úr Grindavíkurbá. 17



sveitarfélagar voru við störf þennan mánudag og fjöldi félaga á viðbragðsvakt í bænum. Um kvöldið mættu 3 félagar á næturvakt. 2 stóðu vakt á lokunarpósti á meðan einn aðili úr bækestöð fór á næturvakt í aðgerðarstjórn.

14. nóvember kl. 8:00

Rústabjörgunarhópur í sérhæfðu viðbragði og var til taks á höfuðborgarsvæðinu. Undanfarar mönnuðu einn öryggishóp sem var tilbúinn í sprungubjörgun og einn hópur var í almennri aðstoð við íbúa í verðmætajörgun. 11 manns komu að verkefnum.

15. nóvember kl. 7:00

Rústabjörgunarhópur í sérhæfðu viðbragði og var til taks á höfuðborgarsvæðinu. Undanfarar og fjallabjörgunarfolk mönnuðu þrjú öryggishópa sem voru tilbúin í sprungubjörgun og einn hópur var í almennri aðstoð við íbúa í verðmætajörgun. Drónahópur var einnig á svæðinu. Alls voru 18 félagar við störf í Grindavík ásamt því að félagar í bækestöð sinntu vinnu við skipulag og utunumhald verkefna í Grindavík. Síðdegis fór einn þriggja manna hópur á kvöldvakt á lokunarpósti og um kvöldið fór einn aðgerðarstjórnandi úr bækestöðvarhópi sveitarinnar á næturvakt í aðgerðarstjórn vegna Grindavíkur.

16. nóvember kl. 7:00

11 félagar voru til aðstoðar í Grindavík fimmtudaginn 16. nóvember. Rústabjörgunarhópur, fjallabjörgunarhópur, drónahópur og tveir hópar í almennri aðstoð við íbúa vegna björgunar verðmæta.

17. nóvember kl. 7:00

11 félagar voru til aðstoðar í Grindavík föstudaginn 17. nóvember. Rústabjörgunarhópur, fjallabjörgunarhópur í öryggisviðbragði og tveir almennir hópar í ýmsum verkefnum.

18. nóvember kl. 7:00

16 félagar voru til aðstoðar í Grindavík laugardaginn 18. nóvember. Rústabjörgunarhópur, tveir fjallabjörgunarhópar í öryggisviðbragði og tveir almennir hópar í ýmsum verkefnum. Um kvöldið fór einn aðgerðarstjórnandi úr bækestöðvarhópi sveitarinnar á næturvakt í aðgerðarstjórn vegna Grindavíkur.

19. nóvember kl. 7:15

9 félagar voru til aðstoðar í Grindavík sunnudaginn 19. nóvember. Rústabjörgunarhópur, drónahópur og tveir almennir hópar í ýmsum verkefnum. Um kvöldið mættu 2 félagar á næturvakt. Annar í aðgerðarstjórn og hinn á lokunarpóst á Grindavíkurvegi.

20. nóvember kl. 8:00

Rústabjörgunarhópur fór til Grindavíkur með rústagáminn og fimm félagar úr hópnum stóðu vaktina. Um kvöldið mættu 2 félagar á næturvakt á lokunarpóst á Grindavíkurvegi.

21. - 23. og 25. - 27. nóvember

Þessa daga sinntu félagar HSSK fjölmörgum verkefnum og aðstoð við verðmætajörgun í Grindavík. Á hverjum degi voru bæði rústabjörgunarhópar og almennir hópar með viðveru á svæðinu. Suma daga voru fjallabjörgunarhópar einnig til taks.

29. nóvember kl. 7:00

Einn aðgerðarstjórnandi úr bækestöðvarhópi sveitarinnar fór á dagvakt í aðgerðarstjórn vegna Grindavíkur.

Smelltu þér á kút

í gassjálfsalanum við Bæjarlind

Olís hefur nú komið upp sjálfsala með smellugaskútum við Bæjarlind í Kópavogi, sem er opinn allan sólarhringinn. Þar geturðu hvort heldur sem er keypt nýjan kút eða skilað inn tómunum kút á móti. Upplýsingaskjár leiðir þig í gegnum ferlið, sem er gasalega einfalt.

Reykjanesbraut

Öb

Bæjarlind



olis



Í Jökuldöllum.
MYND: ARNAR ÓLAFSSON



Löðmundur í baksýn.
MYND: ARNAR ÓLAFSSON



Ísabella Sóll í Buggy bílnum.
MYND: HELGI BRIEM



Kvöldverður í Landmannalaugum.
MYND: ARNAR ÓLAFSSON



Í Reykjadöllum.

MYND: ARNAR ÓLAFSSON

Hamagangur í haustlæggð á hálendisvaktinni

Þrettán félagar HSSK sinntu hálendisvakt á Fjallabaki vikuna 27. ágúst til 3. september síðastliðinn. Að venju fór vel um félagar, en Landsbjörg hefur haldið úti skála og innréttuðum gám með svefnaðstöðu í Landmannalaugum fyrir þær björgunarsveitir sem skipta á milli sín vikum í hálendisvakt yfir sumartímann. Það vakti þó sérstaklega mikla lukku að þetta árið var búið að setja upp nýja sturtu- og klósettaðstöðu fyrir björgunarsveitafólk. Mörgum til mikillar ánægju þar sem svefnaðstaðan ilmaði betur en nokkru sinni fyrir. Þessa vikuna var það því tandur hreinn hópur, með maga fulla af Royal búðing og pönnukökum, sem vaktaði hálendið og spilaði kana langt fram á nótt.

Með í för var allur jeppaflotinn og tveir buggy bílar með nýjstu tækjum sveitarinnar. Buggy bílarnir reyndust afskaplega vel í þeim aðstæðum sem Fjallabak hafði upp á að bjóða,

en útkallstími varð talsvert styttri þar sem bílarnir einfaldlega svifu yfir urð, grjót og snjó. Vikan byrjaði með Skaftárhlaupi en þar komu buggy bílarnir að góðum notum við eftirlitsferðir félaga til þess að kanna aðstæður í nágrenni við Skaftá. Að sjálfsögðu voru svo fastir liðir eins og venjulega; aðstoð veitt til ferðalanga sem lent höfðu í hremmingum við akstur og búið um sár og þreytta útlími. Stærsta verkefnið kom svo í lok vikunnar þegar ein af fyrstu haustlæggðunum gerði vart við sig en þá kallaði hópur ferðamanna eftir aðstoð eftir að hafa örmagnast við göngu í Jökultungunum á leið sinni frá Hrafninnuskeri í Álfvatn. Hópur HSSK var fyrstur á staðinn en strax var ljóst að flytja þurfti einn einstakling niður með börum og þar sem aðstæður voru of krefjandi til þess að leysa verkefnið án aðstoðar var kallað eftir hópum frá Hvolsvelli og Hellu. Þau voru ekki lengi á staðinn og vel gekk að mjaka



Stundum má leika sér.

MYND: ARNAR ÓLAFSSON

börum niður brattar og blautar hliðarnar og var viðkomandi kominn inn í skála í Álfvatni um 4 klst eftir að útkall barst.

Læggðin gekk yfir á u.þ.b sólarhring sem gaf okkur einn dag til þess að þerra búnað og genga frá skálanum fyrir veturinn. Það var alveg ljóst að sumarið var liðið undir lok þar sem snjó var byrjaður að þekja fjöllin allt í kringum okkur. Ekki er hægt að segja annað en að hópurinn sé reynslunni ríkari og sáttur með vel heppnaða hálendisvakt, við bíðum allavega spennit eftir næsta sumri.

María Gústavsdóttir



hafSPORT

elskum hafið



www.hafsport.is P +354 620 5544

Magnús Þórsson og Viðar Guðmundsson mættir í sitt fyrsta útkall í fjölda ára MYND: VALUR SNÆR ÁSMUNDSSON



„Höldum áfram að leika okkur“

Er ekki best að nota Facebook til að halda utan um hóp eldri félaga og félaga sem hafa fjarlægst starfið í sveitinni? „Það eru margir sem hafa áhuga á að fylgjast með en finnst þeir ekki eiga erindi innan um allt þetta unga og vaska lið sem hefur fyrir löngu tekið við.“

Spurningar sem þessar komu upp í sögunefndinni og í spjalli manna á milli. Það varð úr og ákveðið að gera þetta að formlegri hópi og rækta hann upp.

Síðan þá hafa 110 manns skráð sig í hópinn „Eldri félagar HSSK“ og hópurinn hefur hist nokkrum sinnum, bæði í Skemmuni og í áhugaverðum heimsóknum.

Eldri félagar hafa núna tækifæri og tilefni til að hitta gamla félag, rifja upp kynnin og segja sögur. Svo er ekki ólíklegt að þeir geti aftur lagt eitthvað af mörkum til að styðja við gömlu sveitina sína.

Við trúum því líka að yngri félagar HSSK hafi gott af og jafnvel gaman að því að sjá þetta gamla lið koma oftar í Skemmuna, og við höldum að þau hafi líka gott af því að vita að þessi sterkasta björgunarsveit landsins var einu sinni lítil og byggð upp af frekar fáum einstaklingum. Félagsskapur sem þessi vikkar sjóndeildarhring bæði þeirra eldri og yngri, styrkir sveitina á marga vegu og tengir gömlu sveitina okkar við samfélag, fyrirtæki og stjórnvöld svo eitthvað sé nefnt. Sveitin getur alltaf leitað til eldri félaga sinna, sem margir hafa víðtækt tengslanet. Eldri félagar eru gjarnan einarðir og öflugir talsmenn björgunarsveita út á við og það skiptir máli. Þá eiga þeir líka oft í forúm sínum söguleg gögn, ljósmyndir og skjöl sem eru mikilvæg til að varðveita sögu sveitarinnar og geta eldri félagar þannig lagt sitt af mörkum til að skrásetja söguna.

Þetta er góður félagsskapur og við hvetjum alla eldri féлага og félaga sem hafa fjarlægst sveitina af einhverjum orsökum og vilja tengjast sveitinni að nýju til að senda beiðni um að gerast meðlimur í Facebook hópnum „Eldri félagar HSSK.“

Umsagnir meðlima hópsins:

Auðunn Páll Sigurðsson:

Að starfa í hjálparsveit er áhugamál sem þróast í lífsstíl. Það er mikilvægt fyrir þá sem standa vaktina hverju sinni í fjáröflunum eða útköllum að geta leitað til þeirra sem áður voru í eldlínunni til að létta undir á álagstímum eða til ráðgjafar.

Styrkur sveitanna felst í fjölbreytileikanum og að þar starfi fólk með ólíkan bakgrunn á öllum aldri. Það er því mikilvægt að viðhalda tengslum milli eldri og yngri félaga til að tryggja þann sterka grunn sem sveitin byggir á.

Þórarinn Söbech:

Það er gaman að hitta gamla félag og aldrei að vita nema maður taki meiri þátt í störfum hjálparsveitarinnar í framtíðinni.

Vala Dröfn Hauksdóttir, formaður bækistöðvar:

Það er alveg ljóst í mínum huga að HSSK væri ekki það sem hún er í dag ef ekki væri fyrir félagar sem voru í starfi fyrir 10, 20, 30, 40, 50 árum og byggðu upp þann kúltur sem í sveitinni er.

Hefðir eins og vinnukvöld á þriðjudögum og sveitarfundir fyrsta mánudag í mánuði kl. 20.30 (svo menn næðu kvöldfréttum í sjónvarpinu) eru enn í fullu gildi. Eldri félagar vita þetta og geta kíkt við detti þeim það í hug.

Að fá tækifæri til að taka þátt í að þakka eldri félögum fyrir vel unnin störf með því að koma á laggirnar hittingum eldri félaga var því eitthvað sem ég var meira en tilbúin að taka þátt í. Gamlir félagar hittast, rifja upp gamla tíma, kynnast því sem sveitin er að gera og verða sýnilegir í húsnaði sveitarinnar. Og það besta er að við sem enn erum í starfi eftir 30-40 ár í sveitinni hittum gamla félagar sem ólu mann upp.

Fjársjóður sveitarinnar er þéttur hópur félaga, gullnáman er eldri félagarnir.



ARC'TERYX

ERTU TILBÚINN?



Fylgir þér alla leið



Heimsókn í Vélsmiðjuna Héðin, en tveir félagar HSSK starfa þar.
MYND: VALA DRÖFN HAUKSÓTTIR

Haraldur Tryggvason:

Ég hafði í mörg ár fylgst með starfi og uppbyggingu sveitarinnar í fjarska þegar ég lét svo loks verða af því að mæta í áramótakaffið á gamlársmorgun þar sem öldungar ásamt yngri meðlimum spjalla saman og fá sér kaffi eða kakó ásamt meðlæti.

Þegar ég hafði síðan spurnir af því siðastliðinn vetur að til stæði að koma á þessum hóp var ég strax staðráðinn að verða þáttakandi í honum. Svona hópur held ég að geti orðið bæði til gagns fyrir sveitina svo og fróðleiks og ánægju fyrir okkur eldri félag. Ég sé fyrir mér áhugaverða og skemmtilega tíma með þessu fólki í framtíðinni, auk þess held ég að fyrir fólk sem komið er á seinni árin er hætt að vinna og hefur jafnvel lítið fyrir stafni þá sé hér kjörið tækifæri til að rjúfa félagslega einangrun sem mögulega einhverjir búa við eftir að starfsævinni lýkur. Þetta hefur byrjað vel með kynningu á byggingu nýrrar björgunarmiðstöðvar sveitarinnar, heimsóknunum í áhugaverð fyrirtæki auk Landhelgisgæslunnar, vonandi verður framhald á slíku. Ég er svo heppinn að búa í göngufæri frá nýju byggingunni, og kem til með að ganga þar fram hjá reglulega og fylgjast með framkvæmdum.

Ég vil helst ekki tala um verkefni svona hóps, heldur frekar hvernig við getum haft bæði gagn og gaman bæði fyrir okkur og sveitina, t.d. með léttu rölti innanbæjar eða utan, myndakvöldi í skemmumni, fá einhverja til að halda erindi, fyrirlestra eða kynningar um áhugaverð málefni, eða bara hittast yfir bolla af kaffi eða öðru og spjalla um landsins gagn og nauðsynjar, en umfram allt höldum bara áfram að leika okkur.

Það er ekki spurning að flestir meðlimir svona hóps geta ef þeir vilja komið að ýmsum verkefnum varðandi sveitina, þá nefni ég aðstoð við sölu neyðarkallsins, verkefni tengt flugeldasölu og örugglega er eitthvað



Guðmundur K. Einarsson, Viðar Guðmundsson og Halldór Theódórsson (barón).
MYND: VALA DRÖFN HAUKSÓTTIR

fleira sem svona hópur getur aðstoðað við. Nú þegar svo kemur að því að huga þurfi að flutningum í nýtt húsnæði þá verða eflaust margir okkar tilbúnir að leggja þar hönd á plóg.

Valgeir Tómasson, formaður HSSK:

Þátttaka félaga í sjálfbærniástarfi sveiflast mikið á lífsleið þeirra. Margir vilja halda tengingu við sveitina þó þeir taki ekki lengur virkan þátt í starfi sveitarinnar sem snýr að útköllum, vinnukvöldum og viðhaldi á útkallsbúnaði. Starf eldri félaga HSSK er mjög góð viðbót við almennt félagsstarf sveitarinnar. Þannig hittast félagar reglulega, fá upplýsingar um starfið, halda skemmtilega viðburði og eru síðan líklegri en áður til að koma aftur að einhverju leyti inn í starf sveitarinnar og stutt við ýmis verkefni. Fyrir mér hefur þetta verkefni verið mjög jákvætt og ég vona að það haldi áfram á þessari góðu vegferð.

Jón Steinar Jónsson:

Meðal eldri félaga HSSK er kjarni sem hefur verið virkur í starfi sveitarinnar árum og áratugum saman. Aðrir hafa verið virkir í styttri tíma. Öll eigum við þó þá sameiginlegu reynslu að hafa starfað með HSSK og vera stolt af því að eiga einhvern hlut í uppbyggingu stórmerkilegs björgunarsveitarstarfs á Íslandi. Það að hafa tengsl eða snertiflöt við starf sveitarinnar og gamla félaga er gefandi fyrir okkur og svona "öldungaflokkur" ætti að geta stutt við virka meðlimi sveitarinnar sem vinna ómælt, óeigingjarnt starf í þágu samfélagsins.

Sigurður Ólafsson



Hópmýnd í Héðin.
MYND: ÍRIS MARELSÓTTIR

Viltu styrkja HSSK?

Hægt er að styrkja starf HSSK með frjálsum framlagi.

Styrktarreiðingur okkar er:

BANKI: 322-26-445

KT. 410271-0289

Skriðu þarf í athugasemd með millifærslu "Styrkur 2023" og þá

fara upplýsingar um styrkinn í gagnagrunn Skattsins.

Hjálparsevit skáta í Kópavogi (HSSK) er á almannahéillaskrá Ríkisskattstjóra. Styrkir til sveitarinnar eru því frádráttarbærir frá skatti hvort sem um er að ræða einstaklinga eða fyrirtæki.



Við erum sérfræðingar í prentun bóka,
almennu prentverki og framleiðslu umbúða.
Öll framleiðsla fer fram á Íslandi.

Láttu sérfræðinga okkar aðstoða við að finna bestu,
hagkvæmustu og umhverfisvænustu leiðina fyrir þig.

Vertu hjartanlega velkomin



JAFNLAUNAVOTTUN



Umbúðir



Almenn
prentun



Bækur



Límmiðar



Stimplar

📍 Lynghás 1, 110 Rvk 📞 5 600 600
Eyravegi 25, 800 Selfoss 📞 482 1944
Glerárgötu 28, 600 Akureyri 📞 4 600 700

🌐 prentmetoddi.is



Náttúran rumskar á Reykjanesi

Hér er nokkrar frásagnir af verkefnum HSSK vegna eldanna í sumar og verkefna vegna yfirstandandi jarðhræringa á Reykjanesi.



Litli Hrútur, Árni, Íris og Sandra Ýr vígbúin með grímur og mæla.
MYND: HÁKON ÞÓR ÁRNASON

Sumarnótt við Litla Hrút

Mánudagskvöldið 11. júlí hófst gos við Litla Hrút og óskað var eftir tveim hópum frá HSSK á gosvakt. Ég fékk símtal frá syninum sem sagði: Mamma við erum að fara að manna eina vakt í alla nótt, þú, pabbi, ég og Sandra. Það varð úr að fjölskyldan dreif sig á gosvakt á buggy bíl HSSK ásamt fjórum öðrum sem mönnum hinna buggy bílinn. Það var ekki laust við að hræðslan smygir inn þegar komið var að eldunum sem voru á 1 km langri sprungu. Spurningar vöknudú: Hvað

ef sprungan lengist? Hvað ef hér er hættuleg gasmengun? Hvað ef fleiri sprungur opnast? Hvað er ég nú búin að koma mér í? Hræðslan hvarf fljótt og við tóku hefðbundin verkefni við að ræða við erlenda ferðamenn og fræða um hættuna sem að þeim stafaði. Við vorum búin gasmælum og grímum og mælarnir létu í sér heyra um leið og súrefni lækkaði vegna eldanna. Það þurfti ekki meira til að ýta við fólkinu sem sneri góðfúslega frá, enda svæðið lokað. Gestirnir voru okkur þakklátir fyrir að

mæta á svæðið, sögðu að erfitt væri að finna almennar upplýsingar um hættur á svæðinu og aðgengi. Undir morgun héldum við heim á ný en þá varð á vegi okkar erlendur gestur sem tapað hafði yfirhöfn sinni og í henni voru lykklar að bílnum, vegabréfið, kreditkortin og reiðufé. Hákon Þór varð eftir og saman leituðu þeir til morguns og fundu vestid. Allir fóru að lokum þakklátir og þreyttir heim eftir ógleymanlega nótt á gosstöðvum.

Íris Marelsdóttir

Svefnbeddar tilbúnir fyrir þreytta gesti í fjöldahjálparstöðinni.

MYND: AUDUR ATLADÓTTIR



Þórhallur Ólafsson við samsetningu á beddum.

MYND: SIGURÐUR ÓLAFUR SIGURÐSSON

Kvöld í fjöldahjálparstöð í Kórnum

Á neyðarstundu hefur Rauði krossinn á Íslandi það hlutverk að starfrækja fjöldahjálparstöðvar. Þær er hægt að opna með skömmum fyrirvara og veita þolendum hamfara öruggt skjól. Föstudagskvöldið 10. nóvember, í kjölfar öflugrar skjálftahrinu í Grindavík, voru þrjár fjöldahjálparmiðstöðvar opnaðar; í Vallaskóla á Selfossi, í íþróttahúsi í Reykjanesbæ og í Kórnum í Kópavogi. Húsin voru opnuð Grindvíkingum um kl. 20:00 enda ljóst að fjölmargir höfðu þá þegar yfirgefið bæinn.

Fyrstu útkallsboð til HSSK bárust rétt fyrir kl. 20:00 og var óskað eftir viðbragðsaðilum til að vera Rauða krossinum til aðstoðar við uppsetningu og rekstur fjöldahjálparstöðvarinnar í Kórnum. Tveir hópar, frá HSSK annars vegar og Hjálparveit skáta í Garðabæ hins vegar, sinntu útkallinu. Þegar björgunarsveitarfólk kom í Kórinn hafði viðbragðsteymi Rauða krossins tekið á mótinu fyrstu íbúum Grindavíkur.

Verkefni björgunarsveitarfólks fólust í að leiðbeina fólki um stórt húsið og um samsetningu og uppröðun bedda sem komu ósamsettir í kerrum og í gámi. Einkar gott samstarf var við stjórnendur Rauða krossins á vettvangi sem og við húsverði Kórsins og starfsmenn Kóraskóla.

Þegar líða tók á kvöldið var lýst yfir neyðarstigi almannavarna og Grindavík rýmd. Ekki þótti ljóst hvaða áhrif þessi ákvörðun hefði á fjölda Grindvíkinga í Kórnum. Til að tryggja góðar móttökur og öruggt skjól fyrir alla á óvissutíma var tekin ákvörðun um að aflýsa mótahaldi í Kórnum daginn eftir og útbúa svefnpláss í íþróttasal til viðbótar við þau svefnpláss sem þá þegar höfðu verið útbúin í samkomusal og kennslustofum. Það reyndist góð ákvörðun.

Okkur björgunarsveitarfólki þótti vel til takast við móttöku gesta í Kórnum. Í húsinu er góð aðstaða til að taka á mótinu fólki með




Félagar í Hjálparveit skáta í Garðabæ og Hjálparveit skáta í Kópavogi unnu þétt saman við uppsetningu á Fjöldahjálparstöð.

MYND: SIGURÐUR ÓLAFUR SIGURÐSSON

skömmum fyrirvara. Þar er aðgengi tryggt fyrir alla, unnt er að bjóða fólki með gæludýr aðstöðu og þar er góður salur sem nýttur var til að streyma fréttum og bera fram veitingar sem borist höfðu frá velunnurum.

Audur Atladóttir



Röð á lokunarpósti.

MYND: HELGI HRANNAR BRIEM

Nótt á lokunarpósti á Grindavíkurvegi

Það var annasamt á lokunarpósti á Grindavíkurvegi aðfaranótt þriðjudagsins 14. nóvember. Þar þurfti m.a. að sinna skráningu um 50 verktaka sem fóru út og inn af lokaða svæðinu og voru að vinna við varnargarðana umhverfis Svartsengi. Spurningum þeirra var svarað og síðan fengu þeir afhentar talstöðvar þeim til öryggis og ef koma skyldi til rýmingar myndi orðið RÝMING heyrast frá aðgerðastjórn. Svo þurfti að svara spurningum fréttamanna bæði innlendra og erlendra og leiðbeina þeim. Að sjálfsögðu var öllum boðið upp á kleinur sem velunnarar gáfu og allir þökkkuðu fyrir ljúffengar kleinur á vindasamri og kaldri vetrarnóttu. Fleiri tilfallandi verkefni komu inn á radarinn. Við Íris Marelsdóttir stóðum vaktina þessa nótt og gerðum okkar besta til að greiða úr öllum málum.

Kristrún María Gunnarsdóttir



Dagur í Grindavík með íbúum

Mér var talsvert brugðið við að heyra og lesa lýsingar frá heimafólki í Grindavík um daginn sem kaupstaðurinn var rýmdur. Ég á marga vini sem búa þarna og settu fréttir á samfélagsmiðla um stöðu mála. Svo fékk ég boð um að mæta í Kórinn, til að aðstoða við að koma upp fjöldahjálparmiðstöð og ljóst var í upphafi að enginn vissi hve margir myndu koma, við yrðum bara að bíða og sjá. Ekki laust við að maður hugsaði til Vestmannaeyinga sem flúðu eyjuna seint í janúar 1973 vegna eldgoss.

Ég var svo mættur í Grindavík nokkrum dögum síðar, og veitti heimamönnum aðstoð við að nálgast persónulegar eigur. Það var afar sérstakt að koma inn í bæinn eldsnemma að morgni, enginn á ferli, götur tómar og mér fannst ég vera kominn inn í bíómynd. Ég var eins og „Palli var einn í heiminum“, þar sem söguhetjan áttar sig á því að það er alls ekki gott að vera einn og eiga enga vini. Ef eitthvað bjátar á hér á landi, þá stendur þjóðin saman sem einn maður og tugir björgunarmanna voru mættir til Grindavíkur þennan morgun. Von var á íbúum akandi inn í bæinn frá Suðurstrandarvegi og fyrsta verkefnið var að loka alveg rauða svæðinu en það var skilgreint svæði umhverfis sprunguna sem lá þvert í gegn um bæinn. Hún gapti og vakti mörgum óhug. Einnig voru víða sprungur sem vakti óhug. Það var drungi í loftinu og viðbragðsaðilar ekki búnir að ná tókum á vettvangi og sprunga opnaðist við hlið bílsins rétt á meðan við sátum í honum.

Síðar um daginn var ákveðið að aka með heimafólk um Grindavíkurveg inn að heimilum sem voru staðsett vestan við sprunguna. Þá þurfti ég í fyrsta sinn að aka um mesta hættusvæðið og þvera sprunguna. Á þessum tímamarki áttaði maður sig enn betur á því sem gerst hafði. Þvílíkir kraftar sem móðir jörð getur leyst úr læðingi og það var eins gott að hafa hugann við aksturinn ef sprungan skyldi opnast meira. Þetta verkefni stóð fram eftir kvöldi og á meðan á því stóð fór rafmagnið af stórum hluta bæjarins svo það var algjört myrkur. Sum húsin voru því án rafmagns og önnur án hita, en litlar skemmdir voru sýnilegar. Æðruleysi ein-kennði heimamenn en öllum fannst óvissan verst, að vita ekki hvenær hættan liði hjá og óhætt yrði að snúa heim á ný.

Margir íbúanna sögðu okkur frá upplifun sinni af skjálftunum sem skóku bæinn og hvernig það var að upplifa rýmingu og neyðast til að yfirgefa heimili sín. Við gátum bara hlustað.


Ég áttaði mig fljótlega á því, að það sem Grindvíkingar voru að ganga í gegnum,



Farin

væri svipað eins og íbúar í þorpum víða um land er þeir þurfa að yfirgefa hús sín vegna snjóflóðahættu. Þar væri von á einhverju köldu að ofan, en Grindvíkingar áttu von á heitu að neðan.

Dagarnir sem á eftir fylgdu voru auð-



Drónar notaðir til að skoða svæðið.

veldari. Maður sjóaðist og viðgerð var hafin á gatnakerfinu. Bærinn braggaðist hratt og fyrir það var ég þakklátur. Ég er bjartsýnn fyrir hönd Grindvíkinga og vona og trúu að bærinn nái fljótt sínum fyrri styrk.

Páll Halldór Halldórsson

DJI drónar

fyrir tómstund, sköpun eða atvinnu.



DJI MAVIC 3 PRO



DJI MINI 4 PRO



DJI AVATA

Skoðaðu úrvalið á heimasíðu okkar [DJIREYKJAVIK.IS](https://www.djireykjavik.is)
eða í viðurkenndri DJI verslun okkar í Lækjargötu 2a

Framúrskarandi sérlausnir

fyrir bændur, fyrirtæki, stofnanir og viðbragðsaðila.

Hafðu samband til að fá kynningu og ráðgjöf.

DJI MATRICE 30T



DJI MATRICE 350 RTK

DJI DOCK



REYKJAVÍK

AUTHORIZED RETAIL STORE

Lækjargötu 2a

sími 519 4747



Margur er knár þó hann sé smár

Í október ár hvert fara nýliðar HSSK í sína fyrstu löngu ferð og ávallt er farið yfir Fimmvörðuháls. Eldri félagar fylgja með. Gengið er á einum degi í Þórsmörk og sunnudagur notaður til að kynna sér gönguleiðirnar í Mörkinni. Fimmvörðuháls er því eitt af þeim svæðum sem félagar HSSK þekkja vel og eiga þaðan góðar minningar. Það var því gott að geta liðsinnt félögum Dagrenningar eftir óhapp sem varð er þeir voru að sinna stikun og merkingum á gönguleiðinni yfir Fimmvörðuháls.

Gönguleiðin yfir Fimmvörðuháls og merkingar hennar

Fyrir fáum árum var „Lokið“ við að fullstika gönguleiðina frá Skógum yfir Fimmvörðuháls í Bása. Stikurnar, alls 440, voru með skráð númer og hnit svo ef eitthvað bæri upp á gæti viðkomandi staðsett sig við númeraða stiku og þá vissu viðbragðsaðilar samstundis hvert bæri að halda og hvaða leið væri best að fara til að komast á vettvang. Þetta hefur margskilað sér í útköllum.

Hlýnandi veður hefur valdið því að þar sem gönguleiðin var merkt yfir jökulskafi, hefur jökullinn hropað, myndast hafa sigkatlar og ferðafólk hefur farið yfir ótraustar snjóbrýr með hyldýpi undir. Hagaðilar svæðisins sem eru sveitarfélagið Rangárþing eystra, Ferðafélag Íslands, Ferðafélagið Útivist og Björgunarsveitin Dagrenning hófu því lausnamiðað samstarf og kom helst til greina að færa gönguleiðina vestar. Dagrenning tók að sér umsjón með verkefninu en sveitin ásamt ferðafélagunum þekkja svæðið einna best og hafa sinnt stikun leiðarinnar í fjöldamörg ár.

Björgunarsveitir á svæði 16 hafa oft þurft að leita að týndum einstaklingum og sótt slasaða eða uppgefna einstaklinga á Fimmvörðuháls enda er leiðin afar vinsæl gönguleið. Gosstöðvarnar frá 2010, þar sem finna má fjöllin Magna og Móða, hafa aukið þessar vinsældir. Það skiptir máli að geta komist um svæðið á farartækjum. Allir sem hafa komið að björgun og þurft að bera einstakling upp Bröttufönn (sem er orðin snjólaus á sumrin) vita hvaða átak það →

ÞÚ VERÐUR AÐ PRÓFA ÞESSAR!

funnheitar tækjatertur



FLUGDAMARHAÐIR
BJÖRGUNARSVEITANNA



NOTUM ALLTAF
FLUGDAGLERAUGU
-bæði börn og fullorðnir



EISVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG



er að koma slösuðum upp á brún þó svo að margir séu um burðinn. Það er ófært að bæta svo við tveggja kílómetra löngum böruburði að skálanum og ekki ásætlanlegt fyrir öryggi ferðamanna né björgunaraðila. Því þarf að endurhanna þessa gönguleið þannig að hún verði öruggari til yfirferðar en einnig þarf að gera hana akstursfæra minni farartækjum. Það auðveldar björgun og viðhald og umsjónin með stígnum verður léttari. Líklega er besta lausnin að fara með litla jarðýtu á staðinn til að ryðja slóð og gera sneiðing í bratta fjallshlíðina.

Aðkoma á farartækjum að Fimmvörðuskála hefur verið upp slétta aflíðandi brekku að norðan um áraradír. Dalurinn á milli Baldvinsskála og Fimmvörðuskála var alltaf ísi þakinn og fyrir 10 árum var hægt að aka á jökli vestur fyrir hálsinn og koma upp að skálanum að norðanverðu. Nú er allur ís horfinn af þessari leið að sumarlagi og reynt hefur verið að fara aðrar og ísilagðar lautir upp að skálanum með búnað sem þarf til að viðhalda gönguleiðinni s.s. borvélar, stíkur og rafstöðvar. Þessar leiðir eru líka orðnar hættulegar og slys varð þann 30. september þegar jeppi valt og vóg salt á snarbrattri brekkubrún norðan megin við Fimmvörðuskála.

Bílveltan og fyrstu viðbrögð

Eina leiðin til að rétta bílinn við var að koma að honum að ofan og var kölluð út Hægglund beltabifreið í eigu Dagrenningar frá Hvolsvelli. Er Hægglundinn mætti á staðinn var ákveðið að aka honum upp bratta brekkuna sunnan við Fimmvörðuskála og koma að jeppanum ofan frá. Þessi leið hafði verið notuð fyrir sexhjóli og buggy bíl í útkalli í sumar. Það vildi ekki betur til en að beltabifreiðin valt ofarlega í brekkunni með sjö manns innanborðs, en það skal tekið fram að enginn slasaðist í báðum þessum bílveltum. Nú var vandi á höndum, tvö farartæki á hlíðinni í bröttum brekkum sitthvorum megin við Fimmvörðuskála og ekki annað að gera í þessari stöðu en að kalla eftir aðstoð Landsbjargar.



Þetta lítur ekki vel út.
MYND: HÁKON ÞÓR ÁRNASON



Útidyramottan úr Fimmvörðuskála kom sér vel.
MYND: ÞÓRIR GUDJÓNSSON

Frásögn þeirra sem voru á staðnum

EKKI SÁUM VIÐ AÐ GERLEGT VÆRI AÐ KOMA ÖÐRUM TÆKJUM UPP Á FIMMVÖRÐUHÁLS EN BELTATÆKJUM OG VORU FJÖGUR BELTATÆKI KÖLLUÐ ÚT. VIÐ RÁÐLÖGÐUM ÞEIM AÐ FARA ÞÁ LEIÐ SEM JEPPARNIR HÖFÐU FARIÐ FYRR UM DAGINN MEÐ KERRU Í EFTIRDRAGI SVOKALLAÐA „GRJÓTALEIÐ“. ÞÁ LEIÐ FÖRU EINNIG TÆKI DAGRENNINGAR Í SNJÓLAUSU FÆRI Í SUMAR ÞEGAR VAR VERIÐ AÐ KOMA FYRIR TRYGGINGUM Á HELJARKAMBI FYRIR GÖNGUFÖLK. ÞESSI GRJÓTALEIÐ BER NAFN MEÐ RENTU ÞVI ÞEGAR

snjórinn fór, kom stórgrýti upp og hefur grjótið gert leiðina varasama. Þegar beltatækin mættu á svæðið var komið myrkur og enginn leið að fylgja förum eða sjá stórgrýtið. Öll beltatækin urðu að snúa frá en félagar settu kjötsúpuna sem færa átti fólk á staðnum, inn fyrir dymar á Baldvinsskála í þeirri von að einhver myndi ná að sækja hana þangað. Á sunnudagsmorgni varð okkur í áhöfn beltabílsins frá Dagrenningu ljóst að við urðum að stóla á eigin hugvit við að ná bifreiðinni aftur upp á beltin. Um nóttina gerðum við margar tilraunir til að spila bílinn upp í rétta stöðu án árangurs. Eftir stutta hvíld í skála var ákveðið að leita nýrra ráða og einum félaga okkar datt það ráð í hug að kalla eftir loftpúðum frá Brunavörnum Rang-árvallasýslu en slíkir púðar eru m.a. notaðir til að lyfta undir rútur. Þessi búnaður var sendur á staðinn. Beltabifreiðin var einnig orðin rafmagnslaus og farið var niður brekkuna og teknir geymar úr bifreið björgunarsveitarinnar sem var staðsett þar neðan við. Síðan var farið í þá aðgerð að nota bæði spilvira og loftpúða til að ná bílnum á réttan kjöl og sú aðgerð heppnaðist. Bílnum var svo ekið aftur til baka niður af Hálsinum daginn eftir en áhöfn eyddi nóttinni í Fimmvörðuskála.

Verkefni svæðisstjórnar

Svæðisstjórn björgunarsveita á svæði 16 var að störfum alla nóttina og þegar ljóst var að →



smart #1

Við erum framtíðin

Einfaldaðu lífið með smart #1 sem er rafmagnaður, rúmgóður og tæknilega framúrskarandi. Bíllinn býr yfir einstaklega snjöllu viðmóti með endalausum möguleikum, meðal annars lyklalausú aðgengi, stillanlegri lýsingu í innra rými, vönduðu akstursstoðkerfi og 360° myndavél sem aðstoðar þig við aksturinn.

Með allt að 420 km drægni og 1600 kg dráttargetu sannar smart #1 að rafmagnaður lífsstíll og ævintýraþorsti geta farið saman.

Verð frá **5.990.000 kr.**

Vertu öðruvísi. Vertu smart.

beltatæki og stórir jeppar mundu ekki koma að gagni var leitað nýrra leiða. Sú hugmynd fæddist að kalla eftir mörgum og minni tækjum, svonefndum buggy bifreiðum. Þessi tæki ættu auðveldara með að sigra brattar brekkur og með samstilltu átaki gætu þau komið að notum við að rétta jeppann við. Það varð úr að fjögur smáfarartæki voru send af stað í björgunarleiðangur, tvö frá Hjálparsvéit skáta í Garðabæ og tvö frá Hjálparsvéit skáta í Kópavogi.

Hjálparbeiðni berst vegna bílveltu á Fimmvörðuhálsi

Að kvöldi laugardagsins 30. september barst hjálparbeiðni til HSSK þar sem óskað var eftir snjóbílnum ásamt vönum mannskap vegna bílveltu á Fimmvörðuhálsi. Snjóbíll frá Björgunarsveitinni Dagrenningu sem farið hafði til aðstoðar fyrr um daginn hafði einnig farið á hliðina. Engin slys voru á fólki. Snjóbíll HSSK fór þegar af stað ásamt áhöfninni, þeim Antoni Guðbjartssyni, Arnari Ólafssyni, Brynjari Péturssyni og Knúti Kjartanssyni. Leiðangurinn var kominn að Skógum um kl. 22:45 og var snjóbíllinn umsvifalaust tekinn af vörubílum og haldið af stað upp á Skógaheiði og í fylgd var snjóbíll frá Hjálparsvéit skáta í Garðabæ og einnig snjóbíll Flugbjörgunarsveitarinnar í Reykjavík. Þegar ofar dró varð færið stórgrytt og drullugt, en enginn snjó. Fljótlega kom í ljós að undirlagið hentaði alls ekki snjóbílum enda eru þeir gerðir fyrir snjó. Beltatækjum var því snúið við. Leiðangur HSSK kom aftur heim í Bækistöð að morgni sunnudags og var þá búið að senda út nýja hjálparbeiðni vegna sama slyss og var beðið um buggy bifreiðar og fjórhjól til að ferja mannskap og búnað niður af



Félagi úr HSG.

MYND: HÁKON ÞÓR ÁRNASON

Fimmvörðuhálsi. Bíllinn mátti biða. Hófst nú vinna við að gera báða buggy bíla sveitarinnar klára og var aðeins einn maður settur í áhöfn á hvorum bíl til að eiga nóg pláss fyrir fólkið sem beið eftir aðstoð. Garðbæingar voru með í för og voru þeir þrír í áhöfn á tveimur buggy bílum. Hákon Þór Árnason og Óðinn Örn Einarsson héldu af stað á Kóp 5 með buggy bílana á kerru. Um hádegi á sunnudegi bárust þau skilaboð að búið væri að spila beltabifreið Dagrenningar upp á beltin og það voru góðar fréttir. Buggy bílarnir voru teknir af á Skógum og voru þeir fljótir að komast að Baldvinskála þar sem stoppað var til að sækja kjötsúpuna og svo haldið viðstöðulaust áfram. Áhafnir lögðu hart að sér og tækjunum til að komast upp að jeppanum sem var á hvolfi á brekkubrún. Litlu hafði mátt muna að illa færi. Nú var lagst í hugarflug um hvernig mætti koma jeppanum upp á hjólin aftur og ná þannig að koma bíln-

um einnig niður af Fimmvörðuhálsi, en ekki bara fólki og búnaði. Eftir mikið bras fjögurra smátækja tókst að koma jeppanum aftur á hjólin. Þegar þessu var lokið fóru eigendur í að gera bílinn kláran til aksturs en björgunarsveitarmenn fóru í Fimmvörðuskála og hituðu þar kjötsúpuna fyrir allan mannskapinn. Hungrið var farið að sverfa að eftir langa og ófyrirséða dvöl á fjöllum. Eftir að allir höfðu hlaðið í sig nýrri orku var haldið af stað heim á leið og hægt var farið yfir. Allur búnaður, fólk og bílar komust niður af Hálsi fyrir rest og um buggy bílana vildi áhöfnin að lokum segja: „Margur er knár þó hann sé smár“ og um mannskapinn höfðu þeir þetta að segja: „Þolinmæði þrautir vinnur allar“.

Hákon Þór Árnason, félagi í HSSK og Þorsteinn Jónsson, félagi í björgunarsveitinni Dagrenningu.

Viltu styrkja HSSK?

Hægt er að styrkja starf HSSK með frjálsum framlagi. Styrktarreikningur okkar er:

BANKI: 322-26-445
KT. 410271-0289

Skrifa þarf í athugasemd með millifærslu "Styrkur 2023" og þá fara upplýsingar um styrkinn í gagnagrunn Skattisins.

Hjálparsvéit skáta í Kópavogi (HSSK) er á almannaeillaskrá Ríkisskattstjóra. Styrkir til sveitarinnar eru því frádráttarbærir frá skatti hvort sem um er að ræða einstaklinga eða fyrirtæki.

Glænýr harðbotna slöngubátur

Bátaflokkur fékk í nóvember afhentan nýjan harðbotna slöngubát, frá Svanson ehf, af gerðinni Gemini Waverider 650 og mun hann leysa af hólmi eldri mjúkbotna slöngubát. Heildarlengd nýja bátsins er 6,5 metrar og þarf ekki réttindi á hann frá Samgöngustofu og geta því allir sem hafa hlotið tilskilda þjálfun innan hóps siglt honum. Báturinn er ríkulega búinn nýjustu tækjum. Um borð eru meðal annars tveir 12" plotterar, sjálfstýring, downvision og sidevision sónar, radar og Flir hitamyndavél með velti leiðrétti. Að auki fjögur sjálfstætt fjaðrandi sæti, öflugur dráttarpólli og tóg, tvær VHF talstöðvar, tetra talstöð, tveir 140 lítra bensíntankar og tvær 60 hestafla Suzuki vélar. Báturinn er frábær viðbót við núverandi tækjakost og brúar bilið milli Klaka sem er minni gerð af strand- og vatnabáti og svo Stefnis sem er yfirbyggður 11 metra öflugur björgunarbátur. Vel hefur gengið að þjálfa mannskap á bátinn og hefur báturinn staðið undir væntingum og gott betur.

Björn Bjarnarson



Jómfrúarferð nýja bátsins sem ber nafnið Sædis.


MYND: ÞORVALDUR HAFBERG



VINNUM FYRIR ÖLL TRYGGINGARFÉLÖGIN
SÉRHEFT BÍLRÚÐAVERKSTÆÐI MEÐ BÍLASMÍÐAMEISTARA
BRM@BRM.IS BÍLRÚÐUMEISTARINN DALVEGI 18 201 KÓP.

LISTASAFN KÓPAVOGS
GERÐARSAFN

Fatahreinsun Kópavogs
Hamraborg 7 (norðanmegin), 200 Kópavogi
Sími 554 2265, Netfang: fako@simnet.is



Nýir sleðar til bjargar



Sleðaflokkur Hjálparveitar skáta í Kópavogi fékk nýverið afhenta tvo nýja vélsleða af gerðinni Skidoo Freeride. Þessir sleðar eru af sömu tegund og við tókum í fyrra en með nokkrum góðum uppfærslum eins og t.d. betri fjöðrun.

Þessir sleðar hafa reynst okkur langbest hingað til og er sveitin búin að eiga nokkra sleða af þessari gerð, þessir sleðar hafa verið áreiðanlegir og hafa lítið sem ekkert bilað.

Skidoo Freeride eru þeir sleðar sem gera okkur kleift að vera með nóg af auka eldsneyti og auka farangri til að endast sem lengst í útköllum en eru einnig liprir og góðir í akstri á fjöllum.

Í dag eru sleðar sveitarinnar fimm talsins, þar af eru fjórir Skidoo Freeride og einn Skidoo Expedition sem er útbúinn lágu og háu drifi sem og spili sem getur oft reynst vel.

Flokkurinn á einnig tvær þotur, önnur er flatpota til þess að flytja dót eða laskaða



Allt er auðvelt í góðu veðri.
MYNDR: BJÖRN STEINDÓR

Reynsluakstur í púðri.

vélsleða og hin er svokölluð Nilapota sem er útbúin sjúkrahörum og sjúkrahúnaði.

Síðast en ekki síst er það Kópur 5 bilinn okkar sem flytur allar þessar græjur, hann er af gerðinni Ford F350 og hefur reynst okkur afar vel.

Við sem störfum í sleðaflokk erum afar ánægðir með nýju sleða sveitarinnar og hlökkum til að takast á við spennandi sleðavetur.

Ragnar Páll Stefánsson

Verkstæði HSSK

Íhúsnæði HSSK er verkstæði þar sem meðlimir sinna viðhaldi og nýsmíðum á nýjum tækjum. Þar hafa verið smíðaðar toppgrindur, stuðarar, loft, rafkerfi og margt fleira.

Með því að gera meira af vinnunni í húsi frekar en á verkstæði nýtast fjármunir sveitarinnar betur.


Nýlega var smíðað álhús aftan á nýjasta bíl sveitarinnar en með því er betri aðgangur að útkallsbúnaði og einnig hægt að flytja sjúkrahörur.

Arnar Ólafsson

Endurbættur og glæsilegur
MYNDR: ARNAR ÓLAFSSON



Hliðum bætt á grindina.



Álhús í smíðum.

Traustur félagi yfir hátíðirnar

Skeljungur óskar viðskiptavinum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs. Skeljungur þakkar ánægjulegt samstarf á árinu sem er að líða.





Neyðarkall ársins


Neyðarkall ársins 2023 er tileinkaður aðgerðastjórnendum. Þetta eru einstaklingar sem að hafa það hlutverk að stýra hvers kyns aðgerðum í leit og björgun. Út frá vísbendingum ákvarða aðgerðastjórnendur á hvaða svæðum skal leitað, hvers kyns hópa og tæki þarf í hverja aðgerð fyrir sig og úthluta verkefnum í samræmi við það. HSSK er með nokkra aðgerðastjórnendur í sínum röðum.

Til þess að geta orðið aðgerðastjórnandi þurfa þessir einstaklingar að fara á námskeið til þess að verða hæfari

til að sinna sínum verkefnum. Bæði er um að ræða grunnnámskeið í aðgerðastjórnun og einnig svokallað fagnámskeið en eftir það námskeið er einstaklingurinn reiðubúinn að stýra hvers konar aðgerðum. Í HSSK gegnir aðgerðarstjórnandinn einnig því hlutverki að vera bakland fyrir björgunarfólk á vettvangi og reynir á þann hátt að sjá fyrir hvað björgunarmaður á vettvangi þarf á að halda. Ein stærsta áskorun aðgerðastjórnandans er þegar fleiri en ein aðgerð eru í gangi á sama tíma, t.a.m. þegar leit kemur ofan í vaktir í eldgosi eða í óveðri.



Fylgstu með starfi sveitarinnar á samfélagsmiðlum okkar

 [hjalparsveitskatakopavogi](#)  [hssk.is](#)





SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Við getum ekki án þeirra verið!

Salan er hafin
um allt land

Allar upplýsingar eru á flugeldar.is

Útbúnaðarlisti fyrir hærri fjöll eða lengri dagsferðir á Íslandi

Þegar ég vel ferðafötin þá skoða ég fyrst veðurspá fyrir það svæði sem heimsækja skal. Ekki má veita neinn afslátt af búnaði til fjallaferða á Ísland þar sem veðráttan getur oft verið erfið og því mikilvægt að allur nauðsynlegur búnaður sé með. Eini munurinn á fatavali í vetrarferð og í góðviðris sumarferð er að stuttbuxurnar og flugnanet bætast á listann í sumarferðinni og skíðagleraugin fá að vera eftir heima.

Fatnaður:

- Ullarbrjóstahaldari/ullarnærbuxur og síðar ullarbuxur ef spáð er frosti.
- Stutterma/síðermabulur úr ull.
- Gore-tex hlífðarjakki og hlífðarbuxur.
- Buxur úr teygjanlegu efni með þröngum skálmum.
- Stuttbuxur (í sumarferðum).
- Sokkar úr ull/aukasokkar.
- Fiberúlpa/flíspeysa/lopapeysa (val).
- Gönguskór með grófum botni og stuðningi við ökkla.
- Vatnsheldar vettlingahlífar.
- Ullarvettlingar eða þykkir hanskar/aukavettlingar/þunnir gönguhanskar.
- Húfa sem nær yfir eyrun, kragi og lambhúshetta.
- Flugnanet.
- Vaðskór og lítið handklæði ef gert er ráð fyrir að þvera vatnsföll.
- Auka fiberúlpa sem er flestum stundum í bakpoka í vatnsheldum poka en er nauðsynleg ef það kemur eitthvað upp á eða það þarf að taka nesti utandyra í vos-búðarferð hvort sem er sumar eða vetur.

Annar búnaður:

- Bakpoki, 35–55 lítrar fyrir dagsferð.
- Sólgleraugu og sólarvörn fyrir varir og húð.
- Hitabrúsi með bolla, vatnsbrúsi.
- Eldspýtur/kveikjari í vatnsheldu boxi.
- Nesti, göngunasl.
- Höfuðljós.
- Sjúkrabúnaður í vatnsheldum poka.
- Staðsetningartæki, það er landakort, áttaviti og GPS tæki (mæli með nýrri GPS tækjum sem eru með neyðarsendi).
- Ruslapokar því auðvitað má ekkert skilja eftir, ég nota litla hundapoka.
- Klósettpappír.
- Vatnsheldur poki undir aukaföt.
- Göngustafur ef ferðast er gangandi.

Búnaður til viðbótar ef ferðast er í snjó: Skíði, skíðaskinn, skíðaskór, skíðastafir, skíðagleraugu, hjálmur, ísexi, broddar, snjóflóðaylir, snjóflóðastöng, snjóflóðaskófla.

Búnaður til viðbótar ef um er að ræða hjólaferð: Hjól, varahlutir, hjólabuxur, hjálmur, hlífar.

Auður Elva Kjartansdóttir
leiðsögu- og útivistarkona





Svansson ehf óskar Hjálparsveit Skáta í Kópavogi innilega til hamingju með nýja bátinn. Megi hann reynast félaginu hið mesta happa fley.

Óskum einnig Kópavogsbúum og nærsveitungum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Svansson

BJÖRGUNARTÆKI OG BÚNAÐUR

Myndir úr starfinu



Stefnir í ölduróti.
MYND: RAFNAR



Ísklifurnámskeið í Villingadal.
MYND: HELGI BRIEM



Bátaflokkur æfir réttu handbrögðin við að draga vélarvana bát.
MYND: ÞORVALDUR HAFBERG



Viðbragðsvakt við Litla Hrút.
MYND: ARNAR ÓLAFSSON



FJÖRUGUR

TOYOTA HILUX



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



UMHVERFISVERÐLAUN AÐVUNNAÐSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækini skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingum ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Æfingaferð á
Lyngdalsheiði.
MYND: HELGI BRIEM



Tindfjallaferð - tjaldað í rigningu.
MYND: ISABELLA SÓL GUNNARSDÓTTIR



Samæfing undanfara - sem HSSK hélt í febrúar.
MYND: ISABELLA SÓL GUNNARSDÓTTIR

Áhöfn gerir
klárt til
heimferðar
eftir leit.

MYND: ÞORVALDUR
HAFBERG



Snjóhúsaferð - Landmannalaugar.
MYND: ISABELLA SÓL GUNNARSDÓTTIR



Skipshundurinn
Trooper fylgist
grannt með drætti
vélarvana báts.

MYND: ÞORVALDUR HAFBERG

BLÅKLÄDER[®]

WORKWEAR

**VANDAÐUR
VETRAREFATNAÐUR**

575-0000 - SINDRI.IS

SINDRI



Opnunartímar

28.-30. des. frá kl. 10-22

31. des. frá kl. 10-16

6. jan. frá kl. 12-20



Björgunarmiðstöð

Bakkabraut 4

Risa flugelda- markaður

Einn af stærstu sölustöðum landsins í
Björgunarmiðstöðinni við Kópavogshöfn

Myndahappdrætti fyrir börnin

Litaðu myndina og skilaðu henni inn á sölustaði
Hjálparveitarinnar fyrir kl. 22.00, 30. desember.
Þú gætir unnið flottan flugeldapakka.
Dregið verður að morgni gamlársdags.

Nafn: _____ Aldur: _____

Nafn og sími forráðamanns: _____



Slysavarnir

Tryggjum augnablikið

Réttur öryggisbúnaður
getur skilið á milli
gleðilegs nýárs og
alvarlegra slysa. Notum
hlífðargleraugu og förum
eftir leiðbeiningum.

Góða skemmtun.

SJÓVÁ

